

**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir skrifar um hærri matarskatt. 23



**MENNING** Emil Hjörvar Petersen sendir frá sér tvær bækur í haust. 32



**LÍFIÐ** Skemmtileg og nýstárleg námskeið í boði í heilsurækt í haust. 40



**SPORT** Undirbúningurinn fyrir undankeppni EM 2017 er hafinn, segir Freyr. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
4. september 2014
207. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Stefnuleysi í ofbeldismálum

Engin samræmd stefna er til um hvernig eigi að bregðast við ofbeldismálum hér á landi. Engin samræmd tölfræði er til um fjölda ofbeldisverka. 12

**Árgjöld hjá Hljóðbókasafni**

Hljóðbókasafn Íslands hefur ákveðið að innheimta árgjald af lánþegum sínum. Það hefur ekki fengið hækkun á fjárlögum frá hruni. 2

**Næstu skref í afnámi hafta**

Munurinn á aflandsgengi og almennu gengi íslensku krónunnar er helmingi minni en hann var í upphafi árs. 4




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | SV | 2 |
| Akureyri | 12° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 11° | NA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | NA | 8 |
| Reykjavík | 12° | NV | 4 |

**Víða bjart** Vindur verður yfirleitt hægur í dag, 2-6 m/s en aðeins hvassara við SA-ströndina. Víða bjart en fremur skýjað og dropar aðeins SA- og A-til. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Hafa trassað að innleiða Evrópulöggjöf í rúm sjö ár

ESA hefur verið send kvörtun vegna meintra vanefnda íslenskra stjórnvalda á EES-skuldbindingum. ESA hefur sent iðnaðarráðuneytinu bréf og óskar svara við því hvers vegna orkulöggjöf hefur ekki verið innleidd.

**EVRÓPUMÁL** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur sent íslenskum stjórnvöldum erindi þar sem útskýringa er krafist á því hvers vegna ekki sé búið að innleiða Evrópulöggjöf um raforku hér á landi. Sjö ár eru síðan stjórnvöld áttu að innleiða löggjöfina.

Erindi ESA kemur í kjölfar kvörtunar sem stofnuninni barst þann 8. ágúst síðastliðinn. Í kjölfarið sendi ESA bréf til iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem ráðuneytið er krafið svara um ýmis atriði er varða innleiðingu Evrópulöggjafar í orkumálum áður en formleg athugun verður hafin. Komist ESA að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnvöld hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart EES gæti eftirlitsstofnunin stefnt íslenskum stjórnvöldum fyrir Evrópudómstólinn.

Kvörtunin til ESA snýst um að íslensk stjórnvöld hafi ekki innleitt að fullu löggjöf um innri markað raforku. Sú löggjöf var samþykkt 2005 og var EES-ríkjum gefinn frestur til 1. júní 2007 til að innleiða hana.

Dr. Gunnar Þór Pétursson, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og sérfræðingur í Evrópurétti, segir það ekki óvanalegt að ESA fái inn á borð til sín kvartanir sem þessar. Það sé þó sjaldgæft að kvartanir berist vegna vanefnda á innleiðingum tilskipunar sjö árum eftir að hún átti að taka gildi.

„Við vitum af svonefndum innleiðingarhalla hér á landi þar sem við Íslendingar erum einna slakastir EES-ríkjanna í að innleiða Evrópulöggjöfina tímanlega. Hvað raforkulöggjöfina snertir þá hefur Ísland innleitt hluta af raforkulöggjöfinni. Ef svo reynist að íslensk stjórnvöld hafi ekki innleitt alla löggjöfina þá gæti það verið brot á EES-sáttmálanum,“ segir Gunnar Þór.



**„Við Íslendingar erum einna slakastir EES-ríkjanna í að innleiða Evrópulöggjöfina tímanlega.**

*Dr. Gunnar Þór Pétursson, dósent við lagadeild HR*

Hann segir að sá möguleiki sé fyrir hendi að brot sem þetta geti haft bótaskyldu í för með sér, ef einstaklingar eða fyrirtæki hafa orðið fyrir tjóni. **- sa**



**LOKAÐ FYRIR UMFERÐ** Lögreglustjórinn á Húsavík ákvað í ljósi aukins óróa á gosstöðvunum í Holuhrauni í gærkvöldi að loka fyrir alla frekari umferð inn á svæðið norðan Vatnajökuls. Fjölmiðlar og vísindamenn höfðu verið með takmarkaðan aðgang að svæðinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni í gærkvöldi hafði eldgosið náð yfir 9,1 ferkílómetra svæði, samkvæmt síðustu mælingum, og hafði hraunrennslið ekkert minnkað. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN






Áhyggjur foreldra þyngjast samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar:

# Fötluð börn félagslega einangruð

**VELFERÐARMÁL** Meira en helmingur foreldra fatlaðra barna telur að barn þeirra vanti félagsskap og aðstoð til að taka þátt í tómstundastarfi og félagslífi. Einnig telja um sjötíu prósent foreldra fatlaðra barna að barnið þeirra upplifi sig oft eða stundum einmana.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um viðhorf og afstöðu notenda þjónustu við fatlað fólk. Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við sambærilega könnun frá 2011 kemur í ljós að áhyggjur foreldra hafa þyngst verulega.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur, segir könnunina vera á dagskrá velferðarráðs í dag.

„Við viljum kortleggja betur hvað foreldrar eru óánægðir með svo við getum mætt frekar þörfum þeirra,“ segir hún. **- ebg /** **sjá síðu 6**

**70%** foreldra telja að fatlað barn þeirra sé einmana.

**„Við viljum kortleggja betur hvað foreldrar eru óánægðir með.**

*Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur*







## SPURNING DAGSINS



**Reinhard, er þetta ekki leit að glópagulli?**

**Á sviði gullleitar er ég svo mikill glópur að ég get ekki svarað þessu.**

Reinhard Reynisson er framkvæmdastjóri Málmís og Atvinnuþróunarfélgs Þingeyinga. Félögin ætla að leita að gulli í Þormóðsdal og víðar.

Áslaug Friðriksdóttir gagnrýnir að niðurgreiðslur borgarinnar til daggæsluúrræða séu misháar:

# Segir gjaldskrár kæfa dagforeldrakerfið

**VELFERÐARMÁL** „Foreldrum er stýrt frá dagforeldrum og inn á leikskólana með gjaldskrám borgarinnar,“ sagði Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, í ræðu sinni á borgarstjórnarfundi í fyrradag. Þar með var Áslaug að gagnrýna þann mikla mun sem er á gjaldskrám dagforeldra og ungbarnaleikskóla, en hvor starfsemin um sig er niðurgreidd af borginni en þó rekin af öðrum.

Áslaug bendir á að dagforeldrakerfið sé mun ódýrara úrræði en að reka leikskóla. Með hverju barni á ungbarnaleikskóla greiði borgin 110-140 þúsund krónur en 46 þúsund hjá dagforeldrum. Þannig er mun dýrara að hafa barn hjá dagforeldri.



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

„Það er hægt að lækka kostnað foreldra og borgarinnar með því að styrkja dagforeldrakerfið,“ segir Áslaug en hún hefur áhyggjur af dagforeldrastéttinni vegna fækkunar barna sem hljóti að tengjast gjaldskránni.

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi VG, segist ekki geta útskýrt núverandi gjaldskrá. „Það er sjálfsagt og eðlilegt að við skoðum þetta. Ég veit ekki af hverju fyrirkomulagið er eins og það er, því ég tók ekki ákvörðun um það. En meirihlutinn hyggst skoða allar gjaldskrár borgarinnar og þetta verður hluti af þeirri vinnu,“ segir Sóley. **- ebg**



**Það er hægt að lækka kostnað foreldra og borgarinnar með því að styrkja dagforeldrakerfið.**

*Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins*



**HRAKIN FRÁ HEIMILUM SÍNUM** Flóttamenn frá Bama leita hælis í skólabyggingu í borginni Maiduguri, stærstu borg Borno-ríkis. Frásögnum ber ekki saman um hvort Boko Haram hafi lagt Bama undir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirvöld neita því að Boko Haram ráði yfir borginni Bama:

## Þúsundir flýja íslamista í Nígeríu

**NÍGERÍA Ríkisstjórn Borno-ríkis í Norðaustur-Nígeríu segir borgina Bama ekki á valdi herskáu íslamistanna í Boko Haram, þrátt fyrir að fregnir þess efnis hafi borist frá íbúum og öryggissveitum borgarinnar. Þúsundir flýja úr norðausturhluta landsins yfir í Kamerún um þessar mundir.**

**Samkvæmt fréttaveitunni AP hófu liðsmenn Boko Haram árásir á kamerúnsk þorp í síðustu viku. Meðal annars fundust þrír Kamerúnar myrtir í kaþólskri kirkju í þorpinu Assighassia, en íslamistarnir hafa til þessa látið sér nægja að ræna Kamerúnum og krefjast lausnargjalds.** **- bá**

Lögðu á ráðin um árásir:

## 88 handteknir í Sádi-Arabíu

**SÁDI-ARABÍA, AP** Háttsettur starfsmaður öryggisyfirvalda í Sádi-Arabíu sagði að lögreglan hefði handtekið 88 menn sem eru grunaðir um að vera hluti af hreyfingu sem tengist al-Kaída-samtökunum. Hreyfingin hafði lagt á ráðin um árásir bæði í Sádi-Arabíu og öðrum löndum.

Talsmaður innanríkisráðuneytisins, Mansour al-Turki, sagði að 59 af þeim sem voru handteknir hefðu áður þurft að dúsa í fangelsi vegna svipaðra brota. Hann bætti því við að hreyfingin hefði verið undir smásjá yfirvalda í marga mánuði. **- fb**

Foreldrar lausir úr fangelsi:

## Fengu að hitta veikan son sinn

**SPÁNN** Foreldrar enska drengsins Ashya King fengu að hitta son sinn á sjúkrahúsi á Spáni þar sem hann hefur verið undir læknishendi, samkvæmt BBC.

Foreldrarnir, Brett og Naghemeh King voru handteknir í borginni Madrid eftir að hafa tekið fimm ára son sinn af sjúkrahúsi í ensku borginni Southampton og flutt til Spánar. Þetta gerðu þau þvert á læknisráð en drengurinn er með heilaæxli. Saksóknaraembættið í Bretlandi dró handtökuskipun á hendur foreldrunum til baka en málið hefur vakið mikla athygli þar í landi. **- fb**

# Hljóðbókasafn mun innheimta árgjöld

Hljóðbókasafn Íslands hefur ákveðið að innheimta árgjöld af lánþegum sínum. Hefur ekki fengið hækkanir á fjárlögum frá hruni. Lánþegahópurinn hefur margfaldast og þjónustar stofnunin lesblinda námsmenn í ríkara mæli en áður.

**FÉLAGSMÁL** Hljóðbókasafn Íslands hefur tekið þá ákvörðun að innheimta árgjöld af lánþegum sínum í fyrsta skipti. Ástæða þess er bág fjárhagsstaða stofnunarinnar og gjaldtaka er nauðsynleg til að safnið geti haldið uppi þeirri þjónustu sem það sinnir.

Hljóðbókasafnið heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og hefur fjöldi lánþega margfaldast frá árinu 2007. Þá voru lánþegar um 1.600 og þrír af hverjum fjórum voru aldraðir einstaklingar með sjóntruflanir. Nú eru lánþegar um 7.200. Lesblindum námsmönnum hefur fjölgað hlutfallslega langmest.

„Við gerðum ýmislegt á árinu 2007 til að kynna rétt lesblindra. Í lögum er talað um að þeir sem ekki geta lesið prentað letur að einhverju marki eigi rétt á þjónustu frá okkur,“ segir Þóra Sigríður Ingólfsdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafnsins. „Fyrst um sinn var þjónustan hugsuð fyrir blinda en nú sinnum við mikið til lesblindum námsmönnum. Til að mynda býr Hljóðbókasafnið til námsefni fyrir menntaskólanemendur með lestrarörðugleika vegna lesblindu. Því hefur starfsemi okkar og þjónusta vaxið mikið síðustu ár.“



**BERGVIN ODDSSON** formaður Blindrafélagsins

Bergvin Oddsson, formaður Blindrafélagsins, vonar að þessi ráðstöfun Hljóðbókasafnsins, að innheimta árgjöld af lánþegum sínum, verði aðeins tímabundin. „Hljóðbókasafnið hefur á síðustu árum verið að auka þjónustu sína gríðarlega og er það vel. Ég vona að þessi ráðstöfun verði til skamms tíma og opni kannski augu ríkisvaldsins til að auka fjárframlög til stofnunarinnar. Hljóðbókasafnið sinnir ekki aðeins blindum heldur einnig lesblindum og öldruðum og því er mjög mikilvægt að það geti á sem bestan hátt sinnt þjónustu sinni af kostgæfni.“



**HLJÓÐBÓKASAFN ÍSLANDS** Fjöldi lánþega hjá safninu hefur margfaldast frá árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þóra Sigríður segir að stofnunin hafi ekki fengið neinar hækkanir á fjárlögum frá árinu 2008 þrátt fyrir þessa auknu þjónustu. „Á sama tíma og við erum að setja allt okkar efni yfir á stafrænt form af hljóðsnældum, og höfum fengið nýsköpunarverðlaun fyrir þá vinnu okkar, hafa fjárframlög frá hinu opinbera staðið í stað lengi og þau voru skert á árinu 2008,“ segir Þóra Sigríður. „Nú er svo komið að námsmenn með lesblindu hlaða næstum öllu efni sínu niður af netinu í stað þess að fá efnið á geisladiskum.“ **sveinn@frettabladid.is**



**Fyrst um sinn var þjónustan hugsuð fyrir blinda en nú sinnum við mikið til lesblindum námsmönnum.**

*Þóra Sigríður Ingólfsdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands*



Niðurfellanleg hliðarborð
TILBOÐSVERÐ
98.900
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• Kveiking í öllum rofum
• Auka steikarplata fylgir
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Efri grind
• Bakki fyrir fitu
• Hitamælir
• Fáanlegt í fleiri litum
Árgerð 2014
LANDMANN
Er frá Þýskalandi
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is


Skila átti áætlun um íslensku í stafrænni upplýsingatækni nú 1. september:

# Ekki enn búið að skipa nefndina

**TÆKNI** Enn á eftir að skipa í nefnd sem leggja átti fram áætlun um aðgerðir til að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni. Samþykkt var einróma á síðasta þingi að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa í nefndina, sem átti að leggja áætlun sína fram í síðasta lagi þann 1. september síðastliðinn.

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, telur að íslenskan sé í hættu ef ekki er hægt að nota hana í stafrænu umhverfi.

„Það er margs konar hugbúnaður og gagnasöfn sem þarf að byggja upp til þess,“ segir Eiríkur. „Það liggur fyrir að einkafyrirtæki standa ekki fyrir því hér. Þannig að ef íslenskan á að vera gjaldgeng á þessu sviði, þá verður að kosta það að minnsta kosti að einhverju leyti með almannafé.“

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu dróst verkefnið sökum mikilla anna en vonast er til að skipað verði í nefndina á næstunni. Eiríkur segir að tíminn sé nokkuð dýrmætur hvað þetta varðar.

„Það má svo sem segja að það skipti ekki sköpum, einhverjir mánuðir til eða frá, en það er mikilvægt að koma þessu af stað,“ segir Eiríkur.

Ályktunin var samþykkt á Alþingi þann 12. maí. Hún felur í sér að sérfræðingar í málvísindum og upplýsingatækni skili áætlun sem innihaldi tímasett yfirlit um aðgerðir til að stuðla að notkun íslensku á vettvangi stafrænnar upplýsingatækni, kostnaðarmat og fjármögnun. **- bá**



**LÝSIR ÁHYGGJUM** Eiríkur Rögnvaldsson hefur lengi bent á mikilvægi þess að hægt sé að nota íslensku í hinum stafræna heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


GARÐHÚS
25%
AFSLÁTTUR!
Garðhús 4.4m²
141.750
189.900
Garðhús ásamt fylgihlutapakka 4.4 m²
Breidd: 167 cm, Lengd 267 cm
Vegghæð 170 cm, Bjálkaþykkt 32 mm
600239
Erikur
veljið sjálf 3 stk.
999
ÚTSALA
Húsasmiðjunnar
GARÐHÚSGÖGN
50%
AFSLÁTTUR!
GARÐSETT
8.450 kr
16.900
Garðsett
Borð og 2 stólar
3901158
BLACK&DECKER
30%
AFSLÁTTUR!
BLACK&DECKER
STINGSÖG
6.297 kr
8.995
Stingsög
Black&Decker 400W
5246011
PARKET
30%
AFSLÁTTUR!
HARÐPARKET
973 kr/m²
1.390
EGGER
Harðparket Planki sandeik
Egger. 6mm
146939
KÆLIR/FRYSTIR
63.900 kr
79.900
Kælir frystir
177 cm
1835977
BLÖNDUNARTÆKI
20-25%
AFSLÁTTUR!
BLÖNDUNARTÆKI
7.995 kr
9.995
Blöndunartæki Damixa
Handlaugartæki með lyftitappa
8000800
damixa
VERKFÆRATASKA
5.996 kr
7.495
Verkfærataska Stanley
Ath. verkfæri fylgja ekki.
5024880
STANLEY
PARKET
20%
AFSLÁTTUR!
HARÐPARKET
954 kr/m²
1.590
EGGER
Harðparket Planki Elk
Egger. 6mm
146936
GRILL
20%
AFSLÁTTUR!
GASGRILL
52.720 kr
65.900
Gasgrill Broil King Royal 320
3 ryðfríir brennarar
3000604
Broil King
Great Barbecues Every Time
SMÁRAFTÆKI
20%
AFSLÁTTUR!
KAFFIVÉL
10.072 kr
12.590
Kaffivél Russell Hobbs
Purple passion 12 bollar
1840060
INNIMÁLNING
20%
AFSLÁTTUR!
LADY
FLÍSAR
25%
AFSLÁTTUR!
VEGGFLÍS
1.680 kr/m²
2.240
Veggflís hvít
20x20 cm
8600000
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**107** **tonn af ull voru flutt til landsins árið 2013**

Sama magn af ull hefur verið flutt inn fyrstu sjö mánuði þessa árs.

Skorað á G20-ríkin að vinna gegn peningaþvætti, mútum og skattsvikum:

# Spilling kostar milljónir lífið

**ÁSTRALÍA, AP** Samtökin ONE, sem berjast gegn fátækt í heiminum, hvetja leiðtoga tuttugu stærstu iðnríkja heims til þess að grípa til harðra aðgerða gegn spillingu, peningaþvætti, mútum og skattsvikum.

Í nýrri skýrslu segja samtökin að spilling í heiminum kosti fátækustu lönd heims meira en þúsund milljarða Bandaríkjadala á ári, eða um það bil 115.000 milljarða króna.

Samtökin segja að með þessu fé væri hægt að koma í vega fyrir allt að 3,6 milljónir dauðsfalla í heiminum.

„Þróunarlöndin tapa þúsund milljörðum dala á hverju ári vegna peningaþvættis, mútugreiðslna og skattsvika, og hinn harði sannleikur er sá að í mörgum tilfellum auðveldar stefna G20-ríkjanna þetta peningastreymi frá fátæku löndunum.

Fulltrúar samtakanna kynntu skýrsluna í Ástralíu í gær, en þar í landi verður næsti leiðtogafundur G20-ríkjanna haldinn í nóvember. - gb



**OLÍUSPILLINGU MÓTMÆLT Í NÍGERÍU** Samkvæmt skýrslunni fer hagnaður af auðlindum fátækari landa heims sjaldnast til íbúa landanna. NORDICPHOTOS/AFP

Drap nítján ára konu:

# Dæmdur í 17 ára fangelsi

**BANDARÍKIN, AP** Karlmaður í borginni Detroit í Bandaríkjunum hefur verið dæmdur í að minnsta kosti sautján ára fangelsi fyrir að skjóta til bana óvopnaða nítján ára konu á verönd sinni.

Renisha McBride hafði bankað upp á hjá Theodore Wafer um nóttina. Við réttarhöldin sagðist hann hafa óttast um líf sitt og því skotið hana. McBride hafði klessukeyrt bíl sinn fyrr um nóttina og ætlaði hugsanlega að óska eftir hjálp. Hún var mjög drukkin. - fb

Indversk stúlka myrt:

# Niðurlægð af þorpsbúum

**INDLAND** Hálfnakið lík unglingsstúlku, sem talið er að hafi verið niðurlægð af eldri þorpsbúum fyrir að mótmæla yfirgangi þorpsbúanna gegn föður sínum, fannst skammt frá lestarteinum í fylkinu Bengal í austurhluta Indlands.

Lögregluna grunar að hinni fimmtán ára stúlku hafi verið nauðgað og hún myrt. Að sögn fjölskyldu hennar var hún látin hrækja á jörðina og sleikja svo upp hrákann, sem telst vera sérlega niðurlægjandi á Indlandi, að því er kom fram á vefsíðu BBC. - fb



**KAUPMANNAHÖFN** Fólkið var handtekið í höfuðborg Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Seldu límmiða á stuðara:

# Þrjú handtekin í Danmörku

**DANMÖRK, AP** Lögreglan í Danmörku hefur handtekið einn karlmann og tvær konur sem eru grunuð um stuðning við Íslamska ríkið og þar með brot á lögum um hryðjuverkastarfsemi. Rúmar tvær milljónir króna voru gerðar upptækar við handtökuna.

Ali Daghim, sem er af pakistönskum uppruna, sagðist ekkert tengjast samtökunum en hann hafði selt um tuttugu límmiða fyrir bílstuðara. Hann sagði að límmiðanir með lógói, hvítum arabískum texta á svörtum bakgrunni, væru notaðir af mörgum múslimum, þar á meðal Íslamska ríkinu. - fb

# Reiðubúin að taka næstu skref við afnám haftanna

Munurinn á aflandsgengi og almennu gengi íslensku krónunnar er helmingi minni en hann var í upphafi árs. Þetta getur þýtt að aðstæður séu um það bil að skapast til að stíga ný skref í afnámi fjármagnshafta.

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta eru jákvæðar vísbendingar þess efnis að við erum hugsanlega komin á það stig að hægt sé að taka næstu skref í afnámsferlinu,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Seðlabankinn kynnti í fyrradag niðurstöður úr gjaldeyrisútboði sem fór fram þann 15. júlí síðastliðinn, þegar bankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur. Árið 2009 var gengi aflandskrónu gagnvart evru um 245 krónur. Í upphafi árs var það komið niður í um 210 krónur, en það er nú komið í rúmar 180. Almennt gengi krónunnar gagnvart evru er aftur á móti 154 krónur um þessar mundir.



**ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**

Þetta þýðir að munurinn á útboðsgengi og almennu gengi krónu er nú helmingi minni en hann var í upphafi árs og er nú 17,5 prósent. Árin 2011-2013 var munurinn að jafnaði 41 prósent. Greining Íslandsbanka bendir á að þrýstingur vegna aflandskróna sé orðinn mun minni en hann var við upphaf útboðanna. Undir það tekur Ásdís. „Aflandskrónueigendur eru ekki eins óþolinmóðir og þeir voru. En við megum ekki gleyma því, og mér finnst það svolítið mikilvægt, að útboðin ná bara til erlendra aðila. Við erum með innlenda fjárfesta og lífeyrissjóði sem eru fastir innan hafta og hafa ekki möguleika á því að komast út með peninga í gegnum útboðin,“ segir Ásdís. Núna sé kominn tími á að víkka útboðin og hleypa innlendum aðilum líka í gegn. „Þetta er alltaf spurning um það þegar við losum um höftin í hversu mikið útflæði verður og ég held að við fáum aldrei réttan mælikvarða á það nema við víkkum útboðin og fáum að vita hver þessi þrýstingur sem við óttumst verður,“ segir hún.

Hún bendir þó á að á sama tíma og bilið á milli útboðsgengis og álandsgengis, það er almenns gengis, hefur minnkað þá sjái fjárfestar sér ekki hag í því að koma með peninga inn í landið í gegnum útboðin í eins miklum mæli og var áður.

Þá bendir Ásdís á að hagtölur hafi verið að þróast á jákvæðan hátt. „Og ríkissjóður fór í sumar í erlenda lántöku. Það var þreföld eftirspurn eftir bréfum og kjörin voru að batna verulega,“ segir hún. En hún ítrekar að á endanum snúist þetta allt um það að við vitum ekki réttan verðmiða á gjaldmiðlinum okkar. „Útboðin byggjast á framboði og eftirspurn eftir krónum og eru ágæt mæling á verðmiða gjaldmiðilsins og vísbending um hvers er að vænta þegar frekari losun á sér stað,“ segir hún.

jonhakon@frettabladid.is



**ÁBYRGIR FYRIR FERLINU** Forystumenn ríkisstjórnarinnar og seðlabankastjóri bera ábyrgð á ferlinu við afnám hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## NÆSTU SKREF VIÐ AFNÁMIÐ Í UNDIRBÚNINGI

Seðlabankinn hefur jafnan kynnt hvenær næstu útboð fara fram um leið og niðurstöður undangenginna útboða eru kynntar. Sú var hins vegar ekki raunin í fyrradag. Fréttablaðið spurði Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóra Seðlabankans, hvort þetta þýddi að ekki yrðu fleiri útboð á næstunni. Hann segir að verið sé að undirbúa ýmisleg varðandi næstu skref en það þýði ekki endilega að hætt hafi verið við útboðin. „Áður hefur komið fram að líklega verði tilkynnt um það sérstaklega áður en síðasta útboð verður haldið,“ segir í svari Seðlabankans.

Þá spurði Fréttablaðið hvort Seðlabanki og fjármálaráðuneyti væru að fara að kynna slitastjórnum hvaða efnahagslegu skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi svo að hægt væri að ljúka við gerð nauðasamninga, en slíkir samningar eru hluti af ferlinu við afnám haftanna. „Ekki er hægt að búast við að neitt varðandi losun hafta verði fyrst kynnt í svörum við spurningum fjölmiðla. Það mun gerast í gegnum skipulögð ferli þegar mál eru tilbúin,“ segir í svari Seðlabanka Íslands.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Friedrichshafen | 24° | New York | 28° |
| Aþena | 29° | Gautaborg | 20° | Orlando | 31° |
| Basel | 26° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 21° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 26° | París | 23° |
| Billund | 20° | London | 22° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | 24° | Mallorca | 32° | Stokkhólmur | 21° |




**Á MORGUN** Yfirleitt hæg S-læg eða breytileg átt.




**LAUGARDAGUR** Strekkingur allra vestast, annars hægviðri.

**MILT HAUSTVEÐUR** Í dag verður víða nokkuð bjart en skýjað og væta á stöku stað SA- og A-til. Á morgun og laugardaginn spáir hægri SV-átt, þá verður skýjað og rigning eða súld vestan til en bjart suðaustan- og austanlands.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**VERÐ: 1.890.000 KR.**

**Ford Fiesta** Trend YMJ52
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 54.000 km. Litur: Ljósgrár

**AFSLÁTTUR: 330.000 KR.**



**TILBOÐ: 3.990.000 KR.**

**Ford Kuga** Titanium ALF95
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 83.000 km. Litur: Ljósbrúnn
Ásett verð: 4.320.000 kr.




**VERÐ: 3.850.000 KR.**

**Mazda6** Vision DJY42
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 49.000 km. Litur: Ljósgrár

**AFSLÁTTUR: 350.000 KR.**



**TILBOÐ: 6.530.000 KR.**

**Ford Explorer** Limited TGX72
Skráður maí 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 93.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 6.880.000 kr.

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

## ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með **lægri eyðslu** og **minna viðhaldi** og eru jafnframt **öruggari.** Skoðaðu úrval nýlegra bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:

**notadir.brimborg.is**

## LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði. **Nýlegir** bílaleigubílar eru af nýjustu gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014) en fást á **lægra verði.**

**Hafðu samband við ráðgjafa** og við gerum þér frábært tilboð.

**Nýttu tækifærið!**

## LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður **sérkjör á fjármögnun** við kaup á nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- 9,15% vextir
- Lægri lántökugjöld
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 75% fjármögnun

Brimborg tekur allar tegundir bíla upp í. Hagstætt uppítökuverð.




**VERÐ: 2.860.000 KR.**

**Ford Focus** Titanium USL85
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 86.000 km. Litur: Ljósgrár

**AFSLÁTTUR: 130.000 KR.**




**TILBOÐ: 1.790.000 KR.**

**Citroën C3** Seduction Airdream BAE53
Skráður maí 2012, 1,6Di dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 1.920.000 kr.

**KOMDU NÚNA**




**VERÐ: 2.070.000 KR.**

**Mazda2 Premium** OIG52
Skráður maí 2013, 1,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: Rauður




**VERÐ: 3.250.000 KR.**

**Mazda5** Advance MPV EGB93
Skráður maí 2013, 1,6 TDi dísil, beinskiptur
Ekinn 56.000 km. Litur: Ljósgrár

**AFSLÁTTUR: 250.000 KR.**




**TILBOÐ: 3.340.000 KR.**

**Ford Kuga** Titanium NPX65
Skráður apríl 2012, 2,0 TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 100.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 3.590.000 kr.




**VERÐ: 2.250.000 KR.**

**Mazda3 Advance** JON43
Skráður maí 2013, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 74.000 km. Litur: Ljósgrár

**AFSLÁTTUR: 100.000 KR.**




**TILBOÐ: 1.350.000 KR.**

**Ford Ka** Trend GRL70
Skráður júní 2013, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 56.000 km. Litur: Svartur
Ásett verð: 1.450.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

FINNDU BÍLINN ÞINN HÉR

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Notaðir bílar – Brimborg

FYLGSTU MEÐ NÝJUSTU TILBOÐUNUM

50 ár í bílgreininni

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hafa margir ferðamenn komið til landsins á þessu ári samkvæmt talningu í Leifsstöð?
**2.** Hver er nýr forstjóri Olís?
**3.** Hvað heitir stuttmynd Jörundar Ragnarssonar sem hlaut fyrstu verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Montréal?

**SVÖR:**

1. Tæplega 700 þúsund. 2. Jón Ólafur Halldórsson. 3. Hjónabandssæla.

Barack Obama tjáði sig um aftöku hryðjuverkasamtaka á bandaríska blaðamanninum Steve Sotloff:

# Íslamska ríkið mun ekki hræða Bandaríkin

**EISTLAND, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að Bandaríkin muni ekki láta Íslamska ríkið hræða sig, eftir að hryðjuverkasamtökin afhöfðuðu bandaríska blaðamanninn Steve Sotloff.

Í myndbandi, sem samtökin birtu af ódæðinu, hótuðu þau að drepa næst breskan blaðamann ef Bandaríkin létu ekki af loftárásum á samtökin í Írak. Að sögn Obama er búið að staðfesta að myndbandið er ekta. Tvær vikur eru liðnar síðan Íslamska ríkið afhöfðaði annan bandarískan blaðamann, James Foley.

Obama sagði að Bandaríkin myndu ekki gleyma „þessum hræðilegu glæpum gegn þessum tveimur góðu mönnum“. „Við látum ekki kúga okkur. Hryllilegar gerðir samtakanna munu einungis sameina okkur sem þjóð og gera okkur staðráðnari í að berjast gegn þessum hryðjuverkamönnum,“ bætti forsetinn við. „Þeir sem gera þau mistök að meiða Bandaríkjamenn munu komast að því að við gleymum ekki, armur okkar er langur og réttlætinu verður fullnægt.“ Obama vill uppræta Íslamska ríkið, eða IS, eins fljótt og hægt er. „Markmið okkar er ljóst og það er að skaða og eyðileggja IS þannig að engum stafi lengur ógn af samtökunum. Ekki bara Írak, heldur einnig svæðinu í kring og Bandaríkjunum.“ **- fb**

> **Hryllilegar gerðir samtakanna munu einungis sameina okkur sem þjóð.**
> *Barack Obama*



**BANDARÍKJAFORSETI** Obama vandar Íslamska ríkinu ekki kveðjurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP









# Fötluð börn upplifa félagslega einangrun

Meirihluti foreldra fatlaðra barna telur börn sín einmana og að þau vanti félagsskap til að stunda tómstundastarf og félagslíf. Því eldri sem börnin eru og því fleiri skerðingar, því meiri áhyggjur hafa foreldrarnir af félagslegri einangrun barnanna.

**VELFERÐARMÁL** Meira en helmingur foreldra fatlaðra barna telur að barnið þeirra vanti félagsskap og aðstoð til að taka þátt í tómstundastarfi og félagslífi. Einnig telja um sjötíu prósent foreldra fatlaðra barna að barnið þeirra upplifi sig oft eða stundum einmana.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um viðhorf og afstöðu notenda þjónustu við fatlað fólk. Forráðamenn svöruðu spurningalistanum fyrir hönd barnanna. Ef niðurstöðurnar um félagslega þátttöku barna eru bornar saman við sambærilega könnun frá 2011, kemur í ljós að áhyggjur foreldra hafa þyngst verulega.



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR** formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar

Í niðurstöðunum kemur fram að foreldrar barna með þrjár skerðingar eða fleiri voru mun líklegri til að telja skort á félagsskap hindra þátttöku barna sinna, eða tveir af hverjum þremur. Einnig jókst skortur á félagsskap með hækkandi aldri og var mun algengari meðal unglinga um og yfir fjórtán ára aldurinn.

María Hildiþórsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, segir þetta ríma við reynslu ráðgjafa foreldra með sérþarfir þar sem foreldrar virðist almennt hafa mestar áhyggjur af félagslegri stöðu barna sinna og margir segi börn sín fara í gegnum skólakerfið án þess að eignast nokkurn vin.

Nýlega kom fram í Fréttablaðinu að tæplega fimm hundruð börn væru á biðlista í Reykjavík eftir stuðningsþjónustu, þar á meðal félagslegum stuðningi í formi liðveislu, vegna erfiðleika við að fá fólk í störfin.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru eingöngu 30 prósent fatlaðra barna með félagslega liðveislu og 17 prósent á biðlista eftir slíkri þjónustu, þar af tæpur helmingur búinn að vera meira en ár á biðlista.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur, segir könnunina vera á dagskrá velferðarráðs í dag enda kom fram þar að um 30 prósent foreldra væru óánægð með þjónustuna eftir að hún var flutt frá ríki til sveitarfélaga. „Við viljum kortleggja betur hvað foreldrar eru óánægðir með svo við getum mætt frekar þörfum þeirra í Reykjavík,“ segir Björk. Spurð hvað eigi að gera til að stytta biðlista eftir félagslegri liðveislu segir hún að fara þurfi í átak til að fá fleiri til að sækja um störfin. **erlabjorg@frettabladid.is**




**AKSTUR** Um 13 prósent foreldra sögðu að það að komast ekki á staðinn hindraði börn þeirra oft eða stundum í þátttöku í tómstundastarfi eða félagslífi, sem er svipað hlutfall og árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### HÖMLUR Í FÉLAGSLÍFI




**65%** foreldra telja barnið sitt vera stundum eða oft einmana.

**72%** foreldra 17-18 ára unglinga segja þá oft eða stundum vanta félagsskap.

Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, jafnar met frá árinu 2001:

# Valdi fimm konur í ríkisstjórn

**TÓKÝÓ, AP** Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, hefur valið fimm konur í átján manna ríkisstjórn sína. Þar með hefur hann jafnað met Koizumis, fyrrverandi forsætisráðherra, frá árinu 2001, hvað varðar fjölda kvenna í ríkisstjórn.

Margar vel menntaðar konur eru búsettar í Japan en þær hafa lengi kvartað yfir hindrunum sem eru í vegi þeirra á vinnumarkaðnum.

Tíu prósent þingmanna í Japan eru konur og aðeins 3,9 prósent stjórnarmanna í japönskum fyrirtækjum eru konur. Abe setti sér það markmið að þrjátíu prósent stjórnarmanna í fyrirtækjum, bæði í einka- og opinbera geiranum, yrðu konur fyrir árið 2020.



**ERIKO YAMATANI**

**3,9%** stjórnenda í japönskum fyrirtækjum eru konur.

„Að sjá fyrir okkur samfélag þar sem konur geta fengið að njóta sín er áskorun sem ríkisstjórn okkar ætlar að takast á við,“ sagði Abe. **- fb**

# VANDAÐIR KULDAGALLAR

## verð frá 8.999

weather report® SWEDEN
REGISTERED TRADEMARK

Weather report er sænskt gæðamerki sem sérhæfir sig í sterkum og vönduðum útivistarfatnaði á allan aldur.



SUMMIT
Kuldagalli
st. 104-128
vnr. 916061
**9.999**

weather report
Kuldagalli
st. 80-130
vnr. 916063
**8.999**

SUMMIT
Kuldagalli
st. 104-140
vnr. 916469
**9.999**

Styrking á hnjám og afturhluta

Breiðir endurskins-borðar



VIKING
Frost Fight kuldastigvél
st. 21-39
vnr. 906308
**8.990**



VIKING
Jolly loðfóðruð kuldastigvél
st. 23-35
vnr. 863011
**6.490**

Kuldaskór
st. 22-39
vnr. 874058
**7.990**



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Þúsundir kvenna kannaðar:

## Óvissa um tvöfalt brjóstnám

**CHICAGO, AP** Að láta fjarlægja bæði brjóst sem meðferðarúrræði við krabbameini í öðru brjóstinu eykur í flestum tilfellum ekki líkurnar á því að konur haldi lífi, borið saman við það ef aðeins æxlið er fjarlægt.

Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar rannsóknar á yfir 200 þúsund konum frá Kaliforníu í Bandaríkjunum.

Niðurstöðurnar vekja spurningar um áhættumeiri og hugsanlega óþarfar aðgerðir sem sífellt fleiri konur gangast undir. „Það er engin trygging fyrir því að batinn verði meiri ef hitt brjóstið er fjarlægt líka,“ sagði læknirinn Len Lichtenfeld. - fb

Stöðumat heilbrigðiseftirlits:

## Yfirborðsvatn er óviðunandi

**UMHVERFISMÁL** Ástand yfirborðsvatns í Hafnarfirði og Kópavogi er að mati heilbrigðisnefndar svæðisins enn víða óviðunandi.

„Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar,“ segir heilbrigðisnefndin, sem segir að halda þurfi áfram reglubundinni vöktun og leita að og lagfæra rangar tengingar.

Þá segir nefndin að vegna aukinnar iðnaðaruppbyggingar í Hafnarfirði þurfi að fjölga þar mælingum í umhverfinu. - gar

# Obama vill stöðva Rússa

**Átökin í Úkraínu verða eitt helsta umræðuefnið á leiðtogafundi NATO sem hefst í dag. Pútín segir fyrirhugaðar heræfingar NATO-ríkja í Úkraínu vera beina ögrun en Obama hótar að fara í hart gegn Rússum.**



**FRANSKIR SJÁLFBOÐALIÐAR Í ÚKRAÍNU** Sjálfboðaliðar frá Evrópulöndum hafa streymt til Úkraínu til að berjast ýmist með stjórnarliðinu eða uppreisnarmönnum. Þessir Frakkar eru mættir til Donetsk að hjálpa uppreisnarmönnum. NORDICPHOTOS/AFP

**ÚKRAÍNA** Uppreisnarmenn í Úkraínu taka dræmt í vopnahléshugmyndir Pútíns Rússlandsforseta, og þótt Úkraínustjórn hafi fallist á „vopnahlésferli“ þá segist Porosjenkó Úkraínuforseti ekki treysta neinum áformum Pútíns.

Pútín kynnti vopnahléshugmyndir sínar í Mongólíu í gær, þar sem hann var í opinberri heimsókn. Hann lagði áherslu á að Úkraínuher og þær sjálfboðaliðahersveitir sem barist hafa með honum hætti þegar í stað öllum hernaðaraðgerðum í austanverðri Úkraínu.

Hann hafði áður rætt þær við Porosjenkó á fundi þeirra í Hvíta-Rússlandi fyrr í vikunni. Skilyrði Pútíns eru í meginatriðum þau sömu og hann hefur áður kynnt og í fullu samræmi við þá afstöðu hans, að hernaðaraðgerðir Úkraínustjórnar gegn uppreisnarmönnum séu óréttmætar.

Obama Bandaríkjaforseti virðist ekki hafa mikla trú á þessum vopnahlésáformum, en gerir kröfur til Rússa um beinar aðgerðir: „Við höfum ekki séð mikið koma út úr þessum svokölluðu vopnahléum sem tilkynnt hefur verið um,“ sagði hann í Eistlandi í gær. „Að því sögðu, þá er það svo að ef Rússar verða í raun tilbúnir til þess að hætta að fjármagna, vopna, þjálfa og í mörgum tilvikum að senda rússneska hermenn til aðgerða í Úkraínu og taka alvarlega hugmyndir um pólitíska lausn, þá er það nokkuð sem við öllum vonumst til.“

Obama sagði þetta í Eistlandi í gær þar sem hann reyndi að stappa stálinu í Eystrasaltsþjóðirnar. Meðal íbúa Eystrasaltsríkjanna hefur óróleiki gert vart við sig vegna yfirgangs Rússa í austanverðri Úkraínu.

„Þið hafið misst sjálfstæðið áður, en með NATO munið þið aldrei glata því aftur,“ sagði Obama, en hann heldur til Wales í dag þar sem hann situr tveggja daga leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins.

Hann hótar því að NATO muni fara í hart gegn Rússum: „Við munum aldrei fallast á hernám Rússa og innlimun Krímskaga eða annarra hluta Úkraínu.“

Eitt helsta umræðuefni NATO-fundarins verða átökin í Úkraínu. Meðal annars verða þar rædd áform um að NATO sendi herlið til nágrannaríkja Rússlands sem geti brugðist við með litlum fyrirvara.

Þá hafa nokkur NATO-ríki kynnt áform um heræfingar í vestanverðri Úkraínu, en Pútín segir þær heræfingar vera beina ögrun.

Meðal fulltrúa á fundinum í Wales verða Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra. gudsteinn@frettabladid.is



**„Við munum aldrei fallast á hernám Rússa og innlimun Krímskaga eða annarra hluta Úkraínu.**

*Barack Obama Bandaríkjaforseti*


www.volkswagen.is









VW SNJALL-BÍLAR

## Snjallari kynslóð atvinnubíla á rekstrarleigu

HEKLA býður nú fyrirtækjum Volkswagen Transporter og Volkswagen Caddy á einstaklega **hagstæðri rekstrarleigu**.

Í rekstrarleigu fá fyrirtæki bifreiðar til umráða í eitt ár* gegn föstu mánaðargjaldi sem gefur fyrirtækjum einstaklega gott svigrúm til að aðlaga bílaflotann að breyttum aðstæðum með litlli skuldbindingu og lágmarksáhættu.

Nýjasta útfærslan af Caddy og Transporter er sú snjallasta til þessa og betur búin en nokkru sinni fyrr. Þú getur til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum með snjallsímanum.



**Aukabúnaður í Snjall-Transporter**
- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Þjófavörn
- Viðarklæðning á gólfi flutningsrýmis
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði

**Aukabúnaður í Snjall-Caddy**
- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga**
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

| | | | 12 mán. rekstrarleiga | |
|---|---|---|---|---|
| **Transporter** | **Vél** | **Verð m. vsk** | **án vsk** | **m. vsk** |
| Transporter stuttur | 2,0 TDI | 4.490.000 | 79.602 | 99.900 |
| Transporter langur | 2,0 TDI | 4.650.000 | 83.586 | 104.900 |
| Transporter langur 4Motion | 2,0 TDI | 5.690.000 | 107.490 | 134.900 |
| **Caddy** | | | | |
| Caddy | 1,2 TSI | 3.250.000 | 79.602 | 99.900 |
| Caddy | 1,6 TDI | 3.590.000 | 82.789 | 103.900 |
| **Caddy Maxi** | | | | |
| Caddy Maxi, sjálfskiptur | 1,6 TDI | 3.990.000 | 87.570 | 109.900 |
| Caddy Maxi 4Motion | 2,0 TDI | 4.190.000 | 90.757 | 113.900 |

**Volkswagen er mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi**

Atvinnubílar

*Einnig er hægt að velja 24 og 36 mánaða leigusamning. **Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


LÉTTMJÓLK
MJÓLKIN·GEFUR·STYRK
15
KRÓNUR
AF ANDVIRÐI FERNUNNAR
STREYMA TIL KAUPA
Á BEINÞÉTTNIMÆLI
FYRIR LANDSPÍTALANN
SEM MÆLIR BEINHEILSU
7000 MANNS Á ÁRI
ÞANNIG ER MJÓLKIN:
HÚN EFLIR HEILSU
& EYKUR LÍFSGÆÐI
SÖFNUM 15 MILLJÓNUM!
TAKK
FYRIR SAMVINNUNA
... Þetta segir sig sjálft!








**1 HELLIRIGNING Á INDLANDI** Móðir bregður klæði sínu yfir höfuð barns síns til að skýla því fyrir rigningunni meðan hún flýtir sér heim. MYNDIR/AP



**2 ALPÝÐAN SKEMMTIR SÉR Í NORÐUR-KÓREU** Í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, hefur Kaeson-skemmtigarðurinn verið starfræktur frá árinu 1984. Þar getur fólk brugðið sér í leiktæki rétt eins og annars staðar í heiminum.



**3 GRÆNMETISRÆKT Í SÝRLANDI** Í borginni Aleppo í Sýrlandi hafa íbúar brugðið á það ráð að rækta grænmeti á stað þar sem tunnusprengja lenti á skolpræsi.

# ÁSTAND HEIMSINS






**4 GYÐINGA MINNST Í KÍNA** Embættismaður í Sjanghaí afhjúpar minnismerki um gyðinga sem flúðu frá Evrópu til Kína á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Nöfn þeirra, nærri 14 þúsund talsins, eru greypt í koparvegg.



**5 MÓTMÆLI Í JEMEN** Fylgismenn Huthi-hreyfingar sjía-múslima, málaðir í framan með litum þjóðfánans, mótmæla aðgerðum forseta landsins sem hugðist skipta um ríkisstjórn og hækka eldsneytisverð.



**6 HÁSKÓLANEMAR Í KÍNA** Nýnemar í háskólanum í Harbin í norðaustanverðu Kína fá þarna herþjálfun og fræðslu um hernað. Þetta nýmæli á að verða fastur liður í háskólanáminu í þessum skóla og tveimur öðrum virtustu háskólum Kína.



DEBENHAMS
ULTIMATE
gorgeous
Triumph
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM UNDIRFÖTUM
Gildir út sunnudag
DÖMUR HERRAR BÖRN
Ertu í réttri stærð?
Komdu í fría mælingu
OFURTILBOÐ BARA Í DAG!
Stærðir: 8–20
Verð áður: 9.990,-
Verð nú: 5.994,-
OFURTILBOÐ BARA Í DAG!
Stærðir: 32A–40F
Verð áður: 6.990,-
Verð nú: 4.194,-
OFURTILBOÐ BARA Í DAG!
Stærðir: 32A–38DD
Verð áður: 5.990,-
Verð nú: 3.594,-
Opið 11 - 21 í kvöld
Finndu okkur á facebook
Gerðu lífið skemmtilegra
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞOLENDUR OFBELDIS

## VEITA ÞOLENDUM OG GERENDUM Í OFBELDISMÁLUM ÞJÓNUSTU

**KVENNAATHVARFIÐ** er fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra og fyrir konur sem hefur verið nauðgað.

**STÍGAMÓT** eru ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir þá sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Samtökin hafa lagt áherslu á að veita fötluðum konum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi ráðgjöf og einnig körlum.

**AFLIÐ** er systursamtök Stígamóta og starfar á Akureyri. Aflið er fyrir alla sem hafa orðið fyrir kynferðis- eða heimilisofbeldi og aðstandendur þeirra.

**SÓLSTAFIR** eru systursamtök Stígamóta á Ísafirði. Markmið samtakanna er að bæta aðgengi fyrir þolendur kynferðisafbrota í heimabyggð.

**DREKASLÓÐ** er samtök sem aðstoða þolendur ofbeldis. Sinna jafnt konum sem körlum.

**KARLAR TIL ÁBYRGÐAR** eru sérhæft meðferðartilboð til karla sem beita maka sinn ofbeldi. Starfa líka á Akureyri.

**BARNAHÚS** er úrræði á vegum Barnaverndarstofu. Það á að skapa vettvang fyrir samstarf stofnana sem bera ábyrgð á rannsókn og meðferð mála er varða kynferðisofbeldi gagnvart börnum.

**EMBÆTTI LÖGREGLU** veita þolendum ofbeldis aðstoð þegar þeir leita þangað.

**FÉLAGSÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA** og **BARNAVERNDARNEFNDIR** veita þolendum ofbeldis ráðgjöf samkvæmt lögum.

Mögulegum fórnarlömbum mansals, sem dvelja hér á landi er vísað til **FÉLAGSÞJÓNUSTUNNAR.**

**BARNAVERNDARNEFNDIR** starfa á vegum sveitarfélaga og geta foreldrar leitað til þeirra ef börn hafa orðið fyrir ofbeldi.

**HEILBRIGÐISSTOFNANIR, HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR** og **SJÚKRAHÚS** Ávallt á að vera hægt að leita til heilsugæslustöðva ef ofbeldi á sér stað. Heilsugæslan á að þjóna fórnarlömbum mansals hér á landi.

**NEYÐARMÓTTAKA VEGNA KYNFERÐISLEGS OFBELDIS** er starfrækt á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Þjónustan er fyrst og fremst bráðaþjónusta fyrir þá sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Réttarlæknisfræðileg skoðun, taka og varðveisla sakargagna er gerð í nýlegum málum. Boðið er upp á sálfræðiþjónustu. Á vegum neyðarmóttökunnar starfar teymi lögfræðinga sem veitir þolendum kynferðisofbeldis lögfræðiaðstoð og aðstoðar í samskiptum við lögreglu og dómara.

**Á ÁFALLAMIÐSTÖÐ LANDSPÍTALA** er þolendum ofbeldis veittur sálrænn stuðningur og ráðgjöf.

**SAMSTARFSVERKEFNI UM HEIMILISOFBELDI** er meðal annars ætlað að koma á föstu samstarfi milli félagsþjónustu, barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, Jafnréttisstofu, lögreglu og félagasamtaka.



**800 MÁL** Talið er að um helmingur allra ofbeldismála sé tilkynntur til lögreglu. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust tæplega 800 tilkynningar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vantar úrræði fyrir karla og konur sem beita ofbeldi

Lögregluna skortir samræmdar reglur um hvernig taka eigi á ofbeldismálum. Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir með höppum og glöppum hvaða þjónustu fólk sem beitt er ofbeldi fær. Alla yfirsýn skorti.

Jóhanna Margrét Einarsdóttir
johanna@frettabladid.is



Engin samræmd stefna er til um hvernig eigi að bregðast við ofbeldismálum hér á landi. Engin samræmd tölfræði er til um fjölda ofbeldisverka. Engar eða fáar nýjar rannsóknir á ofbeldisverkum eru til. Það skortir því alla yfirsýn í málaflokknum.

Tæplega átta hundruð ofbeldisbrot voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrra. Erlendar rannsóknir sýna þó að lögreglan fær aðeins tilkynningar um helming þeirra ofbeldisbrota sem eru framin.

Það eru ellefu mismunandi aðilar sem sinna þjónustu við þolendur ofbeldis.

Fimm af þessum ellefu hjálparsamtökum eru rekin af félagasamtökum, önnur þjónusta er á forræði ríkis og sveitarfélaga. Af þessum ellefu eru ein samtök sem eru með úrræði fyrir þá sem beita ofbeldi.

**Þarf að einfalda kerfið**

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir breytinga þörf.

„Kerfið er of flókið og það er mikilvægt að vinna að því að einfalda það,“ segir ráðherra og það eru fleiri sem taka undir það. „Þetta snýst um að menn vinni betur saman. Það þarf að einfalda kerfið og skýra betur hver eigi að sinna hverju og hvenær,“ segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Enginn veit hversu mörg ofbeldismál koma upp hér á landi á ári. Það er engin samræmd gagnaskráning til, hvorki hjá hinu opinbera né félagasamtökum.

Tölurnar eru þó til, að minnsta kosti yfir þá sem leita aðstoðar vegna ofbeldis. Til dæmis er hægt að finna tölur um heimilisofbeldismál hjá lögreglu, Kvennaathvarfi og víðar. Aðrir halda utan um tölur um kynferðisofbeldi, enn aðrir halda utan um tölur um ofbeldi gagnvart börnum og svo mætti halda áfram að telja.

Vilhjálmur segir skort á yfirsýn og verkferla og undir það tekur Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingarinnar.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR



VILHJÁLMUR ÁRNASON

„Það vantar betri kortlagningu af vandanum og samþættingu,“ segir hún og bendir á að það skorti rannsóknir á eðli og umfangi ofbeldis hér á landi. „Það þarf nýjar rannsóknir og svo þarf að safna því talnaefni sem er til svo það verði auðveldara að greina vandann.“

**Vantar eftirlitsaðila**

Vegna þess að menn vita ekki umfangið vita þeir heldur ekki hvort ríki og sveitarfélög veita nægu fé í málaflokkinn eða hvort peningarnir rata á rétta staði.

„Það vantar opinberan eftirlitsaðila með félagsþjónustu og barnavernd. Það hefur lengi legið fyrir að það þyrfti að búa til slíka stofnun,“ segir Sigríður Ingibjörg.

Hún segir að samfélagið virðist gegnsýrt af ofbeldi og það sé nauðsynlegt að huga að báðum hliðum málsins, bæði þurfi úrræði fyrir þá sem verða fyrir ofbeldinu en ekki síður fyrir allan þann fjölda karla og kvenna sem beiti aðra ofbeldi. Þar virðist vera skortur á úrræðum.

„Ég held að það sé svolítið með höppum og glöppum hvaða þjónustu fólk fær sem lendir í ofbeldi,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, það fer svolítið eftir því hvert það leitar hvaða úrræði því er bent á. Hún bendir á að það séu margir sem átti sig ekki á hvaða áhrif bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi geti haft á líkamlega heilsu fólks. Það sé því verið að lækna líkamann en ekki sálarmeinin sem séu undirrót vandans.

**Vilja veita sálfræðiaðstoð**

Þórarinn Ingólfsson, formaður Félags heimilislækna, telur að heilsugæslan sinni ágætlega þörfum þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi en vill samt sem áður efla starfsemi heilsugæslustöðvanna á þessu sviði.

„Ég held að menn vanmeti þann þátt sem er svo gríðarlega mikilvægur í þessu samhengi en það er hið persónulega samband læknis og skjólstæðings hans,“ segir Þórarinn og bætir við að starfsfólk heilsugæslustöðvanna sé meðvitað um þann skaða sem ofbeldi geti unnið á heilsu fólks.

„Við vinnum náið með barnaverndarnefndum, félagsmálayfirvöldum og öðrum sem koma að ofbeldismálum. Fólki finnst oft auðveldara að koma inn á heilsugæslustöð þar sem það þekkir sig en leita til stærri opinberra aðila,“ segir hann og bætir við að það gæti hjálpað þolendum ofbeldis ef fólk gæti fengið almenna sálfræðiaðstoð á heilsugæslunni.

Lögreglan kemur eðli málsins samkvæmt að fjölda ofbeldismála. Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir að lögreglan hafi innanhússreglur um hvernig tekið er á slíkum málum. Það séu hins vegar engar samræmdar reglur sem hafi verið settar í samvinnu við félagsmálayfirvöld eða heilbrigðiskerfið. Friðrik telur að það væri mjög til bóta ef til væru samræmdar reglur um hvernig tekið er á ofbeldismálum og hver eigi að sinna hverju og hvenær.

## 162 MILLJÓNIR FYRIR ÞOLENDUR OFBELDIS

Á fjárlögum þessa árs voru 148 milljónir króna eyrnamerktar í þjónustu fyrir þolendur ofbeldis. Karlar til ábyrgðar fengu 10,5 milljónir, Kvennaathvarfið 56, Samstarfsteymi um heimilisofbeldi fékk 10 milljónir og Stígamót 71,4 milljónir.

Félagasamtök sem hafa það að markmiði að vinna gegn ofbeldi með fræðslu, forvörnum eða á annan hátt fengu 14 milljónir króna. Aflið fékk 2,5 milljónir, Barnaheill 4 milljónir, Blátt áfram 2,5 og Drekaslóð fékk 5 milljónir króna.



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR



FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON



SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

En þó að það virðist brotakennt hvernig tekið er á ofbeldismálum á höfuðborgarsvæðinu þá er ástandið úti á landi enn verra. Víðast hvar er litla þjónustu að fá og þótt hún sé í boði veigra sér margir við að nota hana í nærsamfélaginu. Ástæðan er sú að ofbeldi er feimnismál hjá mörgum.

**Erfið staða á landsbyggðinni**

„Félagasamtök sem spruttu upp til að sinna þolendum heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis spruttu upp af mikilli þörf. Það var enginn opinber aðili sem var að sinna þessu,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir hjá Kvennaathvarfinu. Hún segir athvarfinu ætlað að sinna konum á öllu landinu, en augljóslega sé erfiðara fyrir konur sem búa fjær að leita eftir aðstoðinni. Tvenn systrasamtök Stígamóta starfa á landsbyggðinni, á Akureyri og Ísafirði, auk þess sem boðið er upp á viðtöl á Egilsstöðum á tveggja vikna fresti. Þá starfa samtökin Karlar til ábyrgðar á Akureyri.

Enginn efast um að ofbeldi getur haft alvarlegar andlegar og líkamlegar afleiðingar hjá þeim sem verða fyrir því. Kostnaðurinn fyrir bæði einstaklinga og samfélagið getur orðið hár. Efla þarf forvarnir og auka fræðslu. Stjórnvöld sinna þó þessum málaflokki ekki sem skyldi. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra ætlar að skipa nefnd sem á að endurskoða stjórnsýslu ríkisins á sviði félagsþjónustu og barnaverndar. Tilgangurinn er að tryggja betur eftirlit, mat á öryggi og gæðum félagsþjónustu og barnaverndar.

# CLINIQUE

## Clinique dagar í Hagkaup 4. - 10. september

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru tvær vörur eða fleiri frá Clinique*

-Superdefense SPF20 dagkrem 15ml
-Superbalanced Makeup 7ml
-High Impact Lip Colour 3,6g
-Liquid Facial Soap Mild 30ml
-High Impact Mascara 3,5ml

*meðan birgðir endast.







**NÝTT** Smart serum

Skilur ástand húðarinnar.
Getur sjáanlega breytt ójöfnum húðlit, línum og hrukkum eða stinnleika húðarinnar.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# Ekki vera




## iPad

iPad mini verð frá **54.990.-**

iPad Air verð frá **84.990.-**.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur




## MacBook Air

11" verð frá **159.990.-**

13" verð frá **179.990.-**

# ferköntuð



### Libratone LOOP

Nýjasti hátalarinn frá Libratone. Glæsileg hönnun, tær og hreinn hljómur.
AirPlay og PlayDirect tækni til að spila þráðlaust, jafnvel án WiFi nets.

Verð **94.990.-**



### Wacom Intuos Pen

Trackpad og teikniflötur, með penna. Uppgötvaðu nýjar leiðir til að teikna með Intuos teikniborðinu.

Verð **16.990.-**



### Tracks

Frábær heyrnartól á hóflegu verði.

Verð **14.990.-**

SOL REPUBLIC



### Apple TV

Varpaðu myndefni og tónlist úr iPhone, iPad og tölvunni þinni þráðlaust í sjónvarpið.

Verð **16.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

Starfsemi með unglingum á vegum borgarinnar:

# Sjálfstraustið eflt

Meðal meginmarkmiða starfsins í svokölluðum unglingasmiðjum, sem eru félagslegt úrræði á vegum Reykjavíkurborgar, er að efla sjálfstraust, leita leiða til uppbyggilegra lausna og styrkja hópkennd og jákvæð samskipti.

Á vef borgarinnar kemur fram að starfsemin sé sniðin að þörfum 13 til 18 ára unglinga sem eru félagslega einangraðir, hafa orðið fyrir einelti, eru óframfærnir eða óvirkir, sýna þunglyndis- og kvíðaeinkenni og eða hafa lítið sjálfstraust. Starfsemin er jafnframt fyrir þá sem eru með slaka félagsfærni og/eða búa við erfið uppeldisskilyrði.



**UNGLINGAR** Fjölbreytt tómstundaiðja er í unglingasmiðjum borgarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Starfsmönnum kennt hreinlæti til að reyna að draga úr veikindum:

# Læra að þvo sér um hendurnar

Fyrir lok þessa árs á að vera búið að kenna öllum starfsmönnum á dagvistarstofnunum í sveitarfélaginu Sønderborg í Danmörku betra hreinlæti, meðal annars handþvott. Markmiðið er að fækka veikindadögum starfsmanna, barna og foreldra. Á vef danska ríkisútvarpsins er haft eftir sérfræðingi sveitarfélagsins að hættan á að smitast af sjúkdómum minnki um þriðjung sé fyllsta hreinlætis gætt. Hann segir afar auðvelt að þvo sér um hendur en því miður séu þeir margir sem gera það ekki.

Starfsmennirnir eiga jafnframt að kenna börnunum að þvo sér vandlega um hendurnar. Á þessu ári hefur börnum á einni dagvistarstofnuninni í sveitarfélaginu verið kenndur handþvottur samtímis því sem þau syngja og hefur röð myndast við handlaugina. Einn starfsmannanna bendir á að litlum börnum þyki gaman að snertingu við vatn þannig að ekki sé erfitt að fá þau til að þvo sér um hendurnar. -ibs



**HANDÞVOTTUR** Sé fyllsta hreinlætis gætt minnkar hættan á að smitast af sjúkdómum um þriðjung. NORDICPHOTOS/GETTY



**EINELTI** Samstarf í skólum vinnur gegn einelti. NORDICPHOTOS/GETTY

Rannsókn norsks prófessors:

# Skólastjórar geta komið í veg fyrir einelti

Einelti er minna vandamál í grunnskólum þar sem skólastjórar njóta trausts nemenda og kennara. Skólastjórinn getur markað stefnuna varðandi ásættanlega hegðun. Þetta er haft eftir norskum prófessor, Sigrun Ertesvåg, á vefnum sciensenordic.com. Hún segir mikla áherslu lagða á aðgerðir gegn einelti en undrast hversu lítið hlutverk skólastjóra í því samhengi hefur verið rannsakað.

Hún leggur áherslu á að skólastjóri geti átt þátt í að móta stefnu varðandi ásættanlega hegðun í skólanum. Bregðist allir kennarar á sams konar hátt gegn einelti geti nemendur ekki nýtt sér mismunandi viðbrögð þeirra.

Rannsóknir annars norsks prófessors, Thomas Nordahl, í Danmörku sýna svolítil tengsl milli samvinnu skólastjórnenda og kennara annars vegar og samskipta milli nemenda og nemenda og kennara hins vegar.

Nordahl segir rannsókn Ertesvåg hins vegar taka til fárra þátta. Hún segir að samband milli nemenda og að tengslin við kennara séu að vísu mikilvægari en hlutverk skólastjóra. Ekki megi hins vegar gleyma þætti skólastjórans. Hún getur þess að í mörgum tilfellum séu aðgerðir gegn einelti ekki vel framkvæmdar.

- ibs

# Fimm ára með áhyggjur af líkamsmynd sinni

Börn þurfa að öðlast virðingu fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar, segir Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur. Ekkert bendi til að jákvætt viðhorf til líkamans stuðli að óheilbrigði, hvorki meðal grannra né feitra.

Dæmi eru um að stúlkur á leikskólaaldri hafi áhyggjur af líkamsmynd sinni. Þetta segir Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og höfundur bókarinnar Kroppurinn er kraftaverk – líkamsvirðing fyrir börn. „Ég varð vör við þetta þegar ég starfaði í átröskunarteymi hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Þar hafa unglingsstúlkur greint frá því að þær hafi byrjað að hafa áhyggjur af líkamsvexti sínum þegar þær voru í leikskóla. Hugsunarhátturinn verður til löngu áður en vandamálið verður öllum augljóst.“

Sigrún, sem hefur sérhæft sig í forvörnum og meðferð slæmrar líkamsmyndar og átraskana, segir afar mikilvægt að efla líkamsmynd og líkamsvirðingu meðal barna og ungmenna. „Þau þurfa að öðlast virðingu fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar og samband þeirra við mat þarf að vera heilbrigt. Þetta er ekki bara hlutverk foreldranna heldur samfélagsins alls. Áreitið úti í samfélaginu er gríðarlegt. Miðað er við ákveðnar staðalímyndir á gríðarlega mörgum sviðum. Það er ekki bara með auglýsingum fataframleiðenda sem skilaboðin um ákveðinn líkamsvöxt eru send út í samfélagið, heldur eru þau einnig send út með auglýsingum líkamsræktarstöðva með myndum af einstaklingum með staðlaðan líkamsvöxt. Þetta eru stöðvar sem gefa sig út fyrir að vilja stuðla að heilbrigði en slíkt vill gleymast að auglýsingarnar einkennast oft af mikilli útlitsdýrkun ásamt kynferðislegum undirtóni. Slíkt ýtir undir samfélagslegar útlitsstaðalmyndir.“

Til þess að efla líkamsvirðingu meðal barna þurfa þau að læra að tala fallega um alla líkama, að því er Sigrún tekur fram. „Við þurfum að kenna þeim að fjölbreytileiki á sviði holdafars og útlits sé sjálfsagður, eðlilegur og skemmtilegur. Við erum ekki öll eins og eigum ekki að vera það.“

Sigrún segir að ekkert bendi til þess að jákvætt viðhorf til líkamans stuðli að óheilbrigði, hvorki meðal grannra né feitra. Þvert á móti sýni langtímarannsóknir að ungmenni sem hafa jákvæða líkamsmynd, óháð líkamsvexti, séu líklegri til að tileinka sér heilbrigðar lífsvenjur en þau sem eru óánægð með líkama sinn. „Rannsóknir hafa einnig sýnt að feitir krakkar sem eru sáttir í eigin skinni þyngjast minna með árunum en þau sem eru óánægð með líkama sinn. Jákvæð líkamsmynd hefur verndandi áhrif á heilsu og velferð.“ ibs@frettabladid.is



**SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR** „Rannsóknir hafa einnig sýnt að feitir krakkar sem eru sáttir í eigin skinni þyngjast minna með árunum en þeir sem eru óánægðir með líkama sinn. Jákvæð líkamsmynd hefur verndandi áhrif á heilsu og velferð.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nokkur ráð til að efla líkamsmynd

1. Kenndu barninu þínu að fjölbreytileiki í líkamsvexti sé eðlilegur. Alveg eins og við erum mismunandi á litinn, höfum ólíkt andlitsfall, hárlit og augnlit, þá erum við líka mismunandi í laginu. Þetta er sjálfsögð staðreynd sem allir ættu að virða.
2. Fræddu barnið um óraunhæf útlitsviðmið í samfélaginu og hvernig þau birtast, t.d. í fjölmiðlum, barnaefni og leikföngum.
3. Ef þú hefur áhyggjur af lífsvenjum barnsins þíns skaltu beina sjónum að hegðun þess en ekki holdafari. Skapaðu umhverfi þar sem barnið fær næg tækifæri til að borða hollan mat og hreyfa sig sér til ánægju. Hvorki þú né barnið ættuð að líta á heilbrigðar lífsvenjur sem grenningaraðferð, heldur eitthvað sem allir þurfa að gera til þess að halda heilsu og líða vel.

*Af vefnum likamsvirdingfyrirborn.is*

LYFJA
- Lifið heil

20%
afsláttur
Gildir út september.

Nicorette
Fruitmint, forðaplástrar og innsogslyf.
Allar pakkningar og styrkleikar.



www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju



ÞÉR ER BOÐIÐ
Í DAG (4. SEPT.)
KLUKKAN 12:00
OPNAR UNDER ARMOUR VERSLUN Í ÚTILÍFI KRINGLUNNI OG ÞÉR ER BOÐIÐ Í OPNUNARPARTÝIÐ.
UNDER ARMOUR.
DJ ATLI KANILL
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ
BRAKANDI FERSKAR VEITINGAR
OPIÐ TIL KL. 21:00 Í KVÖLD
DÆMI UM OPNUNARTILBOÐ:
AUTHENTIC PANT, VINSÆLUSTU DÖMUBUXURNAR FRÁ UNDER ARMOUR.
7.990.-
(ÁÐUR 9.990.-)
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ARNASYNIR

WOW air hækkar töskugjald:

# Átta þúsund fyrir töskuna

**NEYTENDUR** WOW air hefur hækkað töskugjald um 14,4 prósent, eða úr 3.495 krónum í 3.999 krónur. Nú kostar átta þúsund krónur að taka með sér tösku fram og til baka ef farið er til útlanda, þetta kemur fram á vefnum turisti.is. WOW air fór að taka sérstakt gjald fyrir töskur fyrir tveimur árum. Þá var gjaldið 2.900 krónur fyrir hverja tösku. Töskugjaldið hefur því hækkað um nærri 1.100 krónur á tveimur árum. - jme

**NEYTANDINN** Ásgerður Stefanía Baldursdóttir

# Á þriggja ára gamlan iPhone

„Bestu kaupin mín eru ábyggilega síminn minn,“ segir Ásgerður Stefanía Baldursdóttir fyrirliði meistaraflokks Stjörnunnar í knattspyrnu kvenna. Hún á iPhone sem er orðinn þriggja ára gamall. Áslaug segist nota símann sinn mjög mikið. Meðal annars til að taka á móti og senda tölvupóst og við ýmis verkefni í vinnunni. „Ég fer bráðum að kaupa mér nýjan þannig að ætli það verði ekki næstu góðu kaup,“ segir hún.

Þegar Ásgerður er spurð að því hver séu verstu kaupin tekur hún sér langan tíma til umhugsunar, en kemst að þeirri niðurstöðu að ekkert eitt standi upp úr. „Ég á að vísu fimmtán pör af NIKE-skóm en ég myndi ekki segja að það væru vond kaup,“ segir hún.



> Ég fer bráðum að kaupa mér nýjan þannig að ætli það verði ekki næstu góðu kaup.

Sameiginleg evrópsk aðgerð:

# Skoða rafræn „in-app“-kaup

Framkvæmdastjórn ESB hefur sent Apple, Google og fleiri framleiðendum erindi vegna kvartana sem borist hafa vegna rafrænna kaupa innan tölvuforrits (apps) og þá helst tölvuleikja. Margir slíkir leikir eru auglýstir sem gjaldfrjálsir en þegar komið er á visst stig leikjanna þarf að greiða fyrir vissa hluti, næsta borð, áframhaldandi notkun og fleira. Google hefur ákveðið að gera þó nokkrar breytingar en hið sama á ekki við um Apple. - fbj

Veita upplýsingar um reglur um leigusamninga:

# Margar fyrirspurnir

Leigjendaaðstoð Neytendasamtakanna hefur fengið margar fyrirspurnir varðandi skyldur leigjenda við lok leigusamnings, varðandi tryggingar og rétt leigjanda til afsláttar þegar afnot hans af íbúðinni skerðast vegna viðgerða eða viðhalds af hálfu leigusala.



HRANNAR MÁR GUNNARSSON

„Haustið er tíminn þar sem að fólk er mikið að lenda í því að leigusamningum er að ljúka og þá geta komið upp mál þar sem til dæmis leigusali vill að leigjandi skili íbúðinni nýmálaðri,“ segir Hrannar Már Gunnarsson hjá Leigjendaaðstoðinni.

Samtökin hafa birt yfirlit um nokkur dæmi þar sem réttindi og skyldur bæði leigjanda og leigusala eru útskýrð nákvæmlega við slíkar aðstæður.

Hrannar segir leigusala eiga að sjá um allt viðhald annað en það sem telst vera skemmdir af völdum leigjanda. „Það er skylda leigusala að sanna að um saknæma háttsemi leigjanda sé að ræða ef skemmdir koma upp. Í fullkomnum heimi myndu byggingarfulltrúar alltaf taka út leiguhúsnæði fyrir og eftir leigutímann.“

Í yfirliti Leigjendaaðstoðarinnar má einnig finna skýringar á reglum um uppsagnarfrest á tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og rétt leigjenda þegar viðgerðar- og viðhaldsvinna hefur í för með sér skert afnot hans af leiguhúsnæðinu. - fbj



**Í AUSTURBERGI** Íþróttafélag Reykjavíkur býður meðal annars leikfimi fyrir yngstu börnin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Brottfall minnkar með auknu úrvali

Íþróttafélag Reykjavíkur býður börnum í fyrsta og öðrum bekk að stunda fleiri en eina íþrótt og greiða eitt árgjald. Fleiri íþróttafélög hyggjast fylgja í kjölfarið. Rannsóknir benda til að fyrirkomulagið leiði til þess að brottfall minnki.

Í þrjú ár hefur Íþróttafélagið ÍR boðið upp á sérstakt tilboð sem þeir kalla ÍR-ungar. Það er íþróttatilboð fyrir krakka í fyrsta og öðrum bekk í Breiðholti. Í ÍR-ungum er greitt eitt gjald fyrir önnina 17 þúsund krónur og barnið getur farið í frjálsar íþróttir, handbolta, körfubolta, fótbolta, keilu og skíði. Hægt er að nota frístundakortið, sem er 15 þúsund krónur á önn.

„Þetta hefur skilað sér í því að fleiri börn eru komin til að æfa hjá okkur. Við höfum orðið vör við það að börn vilja skipta á milli greina og þurfa smá tíma til þess að finna réttu greinina,“ segir Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri ÍR.

Hann segist kannast við að í Grindavík hafi svipað fyrirkomulag verið tekið upp, en veit ekki til þess að fleiri félög hafi tekið þetta upp í Reykjavík. „Við erum með fleiri greinar en mörg önnur félög, sem eru kannski þekktust í einni íþróttagrein eða tveimur, þannig að það er auðveldara um vik fyrir okkur að gera þetta,“ segir Haukur Þór. Hann segir að önnur íþróttafélög hafi verið í sambandi við ÍR til þess að spyrjast fyrir um þetta tiltekna fyrirkomulag.

Annað félag sem íhugar þennan möguleika alvarlega er Fylkir í Árbæ. Árni Jónsson uppeldisfræðingur hefur starfað sem framkvæmdastjóri félagsins um nokkurra mánaða skeið. Hann segir að þetta hafi verið skoðað nokkrum sinnum hjá félaginu á liðnum árum. Sumar rannsóknir bendi til þess að aukið val dragi úr brottfalli ungra íþróttaiðkenda.

Árni segir þó að það sé auðveldara að fara út í þetta verkefni þar sem deildirnar innan íþróttafélaganna eru fleiri. Hann bætir þó við að það geti verið góður kostur fyrir íþróttafélög að vinna saman að því að auka úrval barna. Til dæmis gæti Fylkir unnið að þessu verkefni með sundfélaginu Ármanni sem hefur æfingar í Árbæjarlaug.

Árni segir þó að félagið þurfi meiri peninga til þess að geta hrint þessu verkefni í framkvæmd. Til þess að það gæti orðið að veruleika þurfi að bæta við tveimur starfsmönnum. Hann hefur rætt málið óformlega við Sóleyju Tómasdóttur, forseta borgarstjórnar.

> Þetta hefur skilað sér í því að fleiri börn eru komin til að æfa hjá okkur.
>
> *Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri ÍR*

„Við höfum verið að reyna að fara meira í þessa átt, að kynna meira fjölbreytileikann, en ekki skikka félögin til þess að gera neitt. Vegna þess að við höfum áttað okkur á því að langmesta vinnan innan íþróttafélaganna er unnin í sjálfboðaliðavinnu þó að það séu auðvitað miklir styrkir,“ segir Kjartan Freyr Ásmundsson, markaðs- og þróunarstjóri hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, sem eru heildarsamtök íþróttafélaganna í Reykjavík. „Þetta er þróun í ákveðna átt, sem allir eru að stefna að, félögin líka,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is






Steingrímur J. Sigfússon segir nauðsynlegt að veita bönkunum aðhald:

# Fákeppni ríkir á bankamarkaði

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður og fyrrverandi fjármálaráðherra, segir að nauðsynlegt sé að veita bönkunum aðhald. Þetta sagði hann í útvarpsþættinum Bítinu á Bylgjunni í gær er hann var spurður út í hærri gjaldtöku bankanna. Hann segir hugsanlegt að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ræði stöðuna þegar þing kemur saman.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á mánudag íhugar Arion banki nú að taka hærri gjöld af fólki sem kemur í bankana á fund gjaldkera.

Steingrímur segir að fyrirkomulag neytendamála á fjármálamarkaði sé óskýrt. „Og síðan verðum við að horfast í augu við það að við erum með dæmigerðan fákeppnismarkað og hann er náttúrulega enn grimmari eftir hrun og endurreisn nýju bankanna því að hlutdeild sparisjóðanna hefur minnkað mjög mikið,“ segir hann. Markaðnum sé að uppistöðu skipt upp milli þriggja mjög stórra banka. „Og þá er auðvitað ástæða til að vera mjög vel á verði,“ segir Steingrímur. - jhh



**VILL AÐHALD** Steingrímur J. Sigfússon segir meiri fákeppni á bankamarkaði eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Afmælishátíð
## Hundaræktarfélags Íslands

**Í DAG - 4. SEPTEMBER, REIÐHÖLLIN VÍÐIDAL**

**Frítt er á alla viðburði dagsins, nema sýningaþjálfun.**

**Húsið opnar kl. 17:00 og lokar kl. 22:00**
**Hoppukastalar, andlitsmálning og fleira!**

| | |
|---|---|
| Kl: 17:15 | Jóna Th. Viðarsdóttir formaður setur hátíðina. |
| kl.17.30 | **Vinnuhundadeild HRFI** sýnir hunda í vinnu. |
| Kl.18.00 | **Keppni ungra sýnenda 0-3 ára** Dómari: Auður Sif Sigurgeirsdóttir |
| | **Broskeppni í hlýðni 12.ára og yngri** Dómari: Monika Karlsdóttir |
| Kl.18:30 | **Keppni ungra sýnenda 4-5 ára** Dómari: Auður Sif Sigurgeirsdóttir |
| Kl.19.00 | **Keppni ungra sýnenda 6-9 ára** Dómari: Auður Sif Sigurgeirsdóttir |
| kl.19.15 | **Vinnuhundadeild HRFI** sýnir hunda í vinnu. |
| Kl.19:30 | **Tegundakynningar** á tegundum innan félagsins. |
| Kl. 19:45 | **Íþróttadeild HRFI kynnir Hundafimi** |
| Kl. 20.00 | **Furðufatakeppni hunda** |
| | **Sýningaþjálfun unglingadeildar HRFI** **Tegundahópar:** 1, 2, 7 og 8 |
| Kl.20:30 | **Kynning á veiðiþjálfun** Bæði retriever og standandi fuglahundum |
| Kl.21:00 | **Sýningaþjálfun unglingadeildar HRFI.** Tegundahópar: 3, 4/6, 5, 9 og 10 |

**Fyrirlestrar - í matsal á efri hæð**
Opið öllum meðan pláss leyfir.

| | |
|---|---|
| kl.17.30 | **PAT hvolpatest** Monika Karlsdóttir |
| Kl.18.00 | **Hvernig nýtist skapgerðamat í ræktun** - Sigríður Bílddal |
| Kl.18:30 | **Hundanudd** Nanna Lovísa Zophoniasdóttir |
| Kl.19.00 | **Hlutverk sýningadómara** Herdís Hallmarsdóttir |
| Kl.19:30 | **Sníkjudýr í/á hundum. Ticks og fl.** Lísa Bjarnadóttir dýralæknir |
| Kl. 20.00 | **Judging/breeding** Saija Juutilainen frá Finnlandi |
| Kl.21:00 | **Dýrahjúkrun** Kolbrún Arna Sigurðardóttir |
| kl.21:30 | **Veiðipróf** Sigurður Ben Björnsson |

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969




• 695 hundar • 80 hundategundir • 22 ungir sýnendur •





# Alþjóðleg hundasýning HRFÍ 6. - 7. september

**Meðal viðburða:**

» Fallegustu hundar sýningar valdir
» Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
» Sölu- og kynningabásar með ýmis sértilboð
» Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
» Sýningin stendur frá kl. 10-17 laugardag og sunnudag
» Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 5. september kl 19:00

Pedigree VÍS

• Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr. • www.hrfi.is •

Samtals 498 þinglýsingar:

## Veltan minnkar um 16,6 prósent

Alls 498 kaupsamningum um fasteignir var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í ágúst síðastliðnum. Heildarveltan nam 17,6 milljörðum króna og lækkaði um 16,6 prósent miðað við júlí 2014.

Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 35,3 milljónir króna, samkvæmt frétt Þjóðskrár Íslands. Þar segir einnig að viðskipti með eignir í fjölbýli hafi numið 11,3 milljörðum og viðskipti með eignir í sérbýli fimm milljörðum. - hg

Beina því til fjármálaráðherra að gera nauðsynlegar úrbætur á stjórnsýsluháttum Seðlabanka Íslands:

# Takmarka neikvæð áhrif gjaldeyrishafta

Viðskiptaráð Íslands hefur sent fjármálaráðherra ábendingu um nauðsynlegar úrbætur á stjórnsýsluháttum Seðlabanka Íslands.

Vegna þess skaða sem af gjaldeyrishöftum hlýst sé nauðsynlegt að tryggja að ferlið við veitingu undanþága frá höftunum sé skilvirkt og gegnsætt.

Viðskiptaráð segir að algengasta vandamálið sem upp komi sé að umsóknum sé svarað seint og leiðbeiningar skorti. Dæmi sé um að afgreiðsla hafi tekið um níu mánuði án þess að upplýst hafi verið um ástæður tafa eða hvenær niðurstöðu væri að vænta. Að auki hafa komið upp mál þar sem svör hafi ekki fengist yfirhöfuð þremur árum eftir að umsókn var lögð fram.

Þá ríki ógagnsæi um ákvarðanatöku gjaldeyriseftirlitsins þar sem ákvarðanir þess eru ekki birtar auk þess sem forsvarsmenn fyrirtækja hafa lýst yfir áhyggjum varðandi jafnræði á milli umsækjenda.

Ljóst sé að stjórnsýsluhættir bankans þarfnist endurskoðunar og telur Viðskiptaráð tilefni til að umboðsmaður Alþingis beini tilmælum til Seðlabankans um að bæta framkvæmd sína svo að tryggt sé að hún samræmist stjórnsýslulögum, auk þess sem nauðsynlegt sé fyrir ráðuneytið að bæta úr fyrrgreindum atriðum. - fbj



**FROSTI ÓLAFSSON**
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.



**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Gunnar Bragi Sveinsson segir stofnun ráðsins vera gleðitíðindi.

Norðurskautsríkin funduðu:

## Stofnuðu nýtt efnahagsráð

Stofnfundur Efnahagsráðs norðurslóða fór fram í borginni Iqaluit í Norður-Kanada í gær. Þar komu saman fulltrúar viðskiptalífs allra norðurskautsríkjanna átta og samtaka frumbyggja á norðurslóðum til að taka þátt í fundinum.

Ísland á tvo fulltrúa í efnahagsráðinu og sótti formaður Norðurslóða-viðskiptaráðs Íslands fundinn, auk fulltrúa Íslands í embættismannanefnd Norðurskautsráðsins. Vonast er til að ráðið skapi vettvang til að hlúa að viðskiptum og ábyrgri auðlindanýtingu á norðurslóðum, samkvæmt frétt utanríkisráðuneytisins. - hg



**ÓSÁTTIR** Risarnir þurfa að greiða sem nemur 21,3 milljörðum króna.

Sektað fyrir verðsamráð:

## Raftækjarisar sektaðir af ESB

Stóru raftækjaframleiðendurnir Samsung, Philips og þýska fyrirtækið Infineon hafa verið sektaðir um samtals 21,3 milljarða króna vegna verðsamráðs með hálfleiðara sem notaðir eru í raftæki.

Samráð þetta á að hafa átt sér stað á árunum 2003 til 2005. Það er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem sektað hefur fyrirtækin. Infineon fékk hæstu sektina, 12,8 milljarða, Samsung 5,4 milljarða og Philips 3,1 milljarð króna.

Infineon og Philips ætla að áfrýja úrskurðinum og segja ekkert hæft í þeim ásökunum sem á fyrirtækin eru bornar. Samsung hefur ekki ákveðið hvort fyrirtækið muni gera hið sama. -ft

# Telja ólíklegt að félögum í Kauphöll fjölgi fyrir áramót

**Sérfræðingar hjá greiningardeildum eiga ekki von á að félögum á Aðalmarkaðinum fjölgi frekar á árinu. Í ársbyrjun var talið að allt að 7 félög færu á markað. Forstjóri Kauphallarinnar vonaði að nýskráningarnar yrðu fleiri.**




**KAUPHÖLLIN** Sjóvá og HB Grandi voru skráð á markað í apríl síðastliðnum.

„Ég get ekki séð að það verði fleiri nýskráningar á árinu og auðvitað eru það alltaf vonbrigði þegar fjöldinn er minni en menn vonuðust eftir," segir Kristján Markús Bragason, umsjónarmaður hlutabréfagreiningar Íslandsbanka, spurður hvort greiningardeild bankans telji að fleiri félög verði skráð á Aðalmarkað Kauphallarinnar á þessu ári.



**KRISTJÁN MARKÚS BRAGASON**



**PÁLL HARÐARSON**

Greiningardeildir Íslandsbanka og Arion banka sögðu í byrjun ársins að þær teldu líklegt að sex til sjö félög yrðu skráð á markað á árinu. Þau félög sem voru nefnd eru; Reitir, Eik fasteignafélag, Promens, Advania, HB Grandi, Síminn og Sjóvá. Nýskráningar þeirra áttu að stækka hlutabréfamarkaðinn um 35-40 prósent. Nú þegar rúmir átta mánuðir eru liðnir af árinu hafa einungis tvö þeirra, HB Grandi og Sjóvá, verið skráð í Kauphöllina.

„Ég held að menn hafi gefið fullmikið í þegar verið var að tala um sjö félög. Það var eðlilegt að gera ráð fyrir Promens og Advania. Félögin voru á þeim tíma með þannig samsetningu stórra hluthafa að skráning var líkleg," segir Kristján og heldur áfram:

„Nú hefur það breyst er varðar Advania. Það var nokkuð óvænt breyting á hluthafahópnum þegar Framtakssjóðurinn seldi forkaupsrétt sinn til sænska félagsins AdvInvest AB sem og þegar viðskipti áttu sér stað með hlutabréf í félaginu milli þessara aðila, sem tryggði sænska félaginu 51 prósents eignarhlut, að teknu tilliti til boðaðrar hlutafjárhækkunar."

Stjórn Promens sagði í fréttatilkynningu í nóvember 2013 að stefnt væri að skráningu fyrir lok þessa árs. Jakob Sigurðsson, forstjóri Promens, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að enn sé unnið að því að gera félagið skráningarhæft en að ekki sjái fyrir endann á þeirri vinnu.

„Það gengur örugglega eftir en ekki á þessu ári og félagið verður þá ekki einungis skráð á Íslandi. Það verður í besta falli með tvöfalda skráningu. Þeir hafa minna við fjármögnun í íslenskum krónum að gera en erlenda fjármögnun sem gæti nýst við stækkun félagsins á erlendri grundu," segir Kristján.

Stefán Broddi Guðjónsson hjá Greiningardeild Arion banka tekur undir með Kristjáni og segist ekki eiga von á fleiri nýskráningum á þessu ári.



**„Ég held að menn hafi átt von á meira lífi og aðeins öflugri markaði bæði hvað varðar veltu og nýskráningar.**

*Stefán Broddi Guðjónsson hjá Greiningardeild Arion banka*

„Ég held að menn hafi átt von á meira lífi og aðeins öflugri markaði bæði hvað varðar veltu og nýskráningar og ávöxtun á íslenskum hlutabréfamarkaði hefur verið lakari en víðast hvar erlendis," segir Stefán.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að hann hafi vonað að nýskráningar ársins yrðu fleiri.

„Ég myndi ekki beint segja að þetta séu vonbrigði en þetta hefur að einhverju leyti gengið hægar en við áttum von á. Það er svo sem ýmislegt sem getur komið upp á í svona ferli og ég held að við séum í þannig stöðu að það sé sæmilega líflegt framundan þó það sé erfitt að spá um nákvæmar tímasetningar." haraldur@frettabladid.is

Semja við Time Warner og hafa náð öðrum samningum um vinsælt efni að undanförnu:

# Netflix mun sýna þáttaröð um Gotham

Efnisveitan Netflix hefur samið við kvikmyndaframleiðslufyrirtækið Time Warner um að dreifa sjónvarpsþáttunum Gotham um allan heim.

Flestir kannast við borgina Gotham úr Batman-myndunum en í þáttunum verður lífinu í borginni lýst áður en sjálfur Leðurblökumaðurinn kom til sögunnar. Wall Street Journal segir að Netflix hafi náð nokkrum samningum um dreifingu á vinsælu sjónvarpsefni að undanförnu. Dæmi um aðra þætti eru Better Call Saul og Breaking Bad.

Netflix hefur bætt við sig bandarískum áskrifendum á methraða síðasta ár en fyrirtækið mun treysta á erlenda markaði til að viðhalda vexti þess næstu árin. Fyrirtækið er nú þegar starfandi á evrópskum markaði, þar á meðal á Bretlandi og Hollandi og er í samningaviðræðum í við fleiri eins og til dæmis Frakkland og Þýskaland. Innrás á fleiri markaði er kostnaðarsamt en samningar við öflug framleiðslufyrirtæki í Hollywood getur hjálpað til.

Netflix hefur gefið út að hagnaður annars ársfjórðungs hafi meira en tvöfaldast en varar við því að hagnaður þriðja ársfjórðungs geti verið minni vegna frekari alþjóðlegrar starfsemi fyrirtækisins.

Samkeppni á efnisveitumarkaðnum hefur harðnað með tilkomu Amazon og Hulu, en Amazon tilkynnti fyrr á þessu ári að fyrirtækið hefði landað samningum við sjónvarpsstöðina HBO. - jhh



**SÝNA VINSÆLA ÞÆTTI** Netflix bæði framleiðir og sýnir meðal annars þættina Orange is the new black.

# GÓLFEFNADAGAR

## Afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI

**FLÍSAFJÖR!**

**25/25**

**25 tegundir af flísum með 25% afslætti!**

**MIKIÐ ÚRVAL**

## Allt náttúrusteins mósaík með 20% afslætti!

Alls 6 tegundir






Comfort line plastparket, dökk eik 1215x194x8,3 mm

~~1.675~~ kr. m² **1.423**




Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm

~~1.675~~ kr. m² **1.423**




**20% afsláttur**

Flísalím Profiflex 25 kg

~~3.190~~ **2.552**

**20% afsláttur**




Rakaþéttikvoða 7 kg

~~6.190~~ **4.952**

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

LAMIWOOD®

**Slitþolsflokkun CLASS: 32. AC4**




Fösuð Eik Country ~~1.890~~ pr.m² **1.607**




Eik Natur Planki ~~1.790~~ pr.m² **1.522**




Dökk Eik Planki, fasað ~~1.890~~ pr.m² **1.607**




Eik Planki, fasað ~~1.890~~ pr.m² **1.607**

**Ath: Plastparket > Víða kallað harðparket með samþykki "neytanda" eftirlits!**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |




**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

Neikvæð áhrif skuldaniðurfellingar snerta alla:

# Alvöru kjarabót

Um nýliðin mánaðamót rann út frestur fólks til þess að sækja um niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána sinna. Ríflega 69 þúsund umsóknir bárust. Allmörgum spurningum er enn ósvarað.

Óvíst er að allir sem sóttu um eigi rétt á niðurfærslu. Föst upphæð er til skiptanna og því hefur endanlegur fjöldi gildra umsókna áhrif á það hversu mikið hver og einn fær í sinn hlut.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Þá er óvissa um hvort þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru fjármagnaðar að fullu. Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnisstjóri skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar, upplýsti í morgunútvarpi Ríkisútvarpsins í gær að hugsanlega þyrfti að afturkalla hluta aðgerðanna færi svo að bankaskatturinn sem standa á undir þeim stæðist ekki lög. Þrotabú Glitnis lætur reyna á það fyrir dómi.

Þá var forvitnilegt að heyra Tryggva árétta að aðgerð ríkisstjórnarinnar væri í raun fjármögnuð úr ríkissjóði. Í því ljósi er líka áhugaverð yfirlýsing Vigdísar Hauksdóttur, formanns fjárlaganefndar Alþingis, í Síðdegisútvarpinu í gær, að ekki sé í myndinni að afturkalla aðgerðirnar að hluta. Getur þá verið að skattgreiðendur verði eftir allt saman látnir standa undir „leiðréttingunni“? Þá er kannski eins gott að hún er ekki nema hluti af þeim stórkarlalegu yfirlýsingum sem forsvarsmenn Framsóknar létu frá sér fara fyrir síðustu alþingiskosningar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var í gær upptekinn í útlöndum, en í fréttum Útvarps á þriðjudag sagði hann fjölda umsókna um „leiðréttingu“ sýna að úrræðisins hefði verið beðið. Ánægjulegt væri hversu vel hefði tekist til.

Auðvitað er samt ekkert hægt að gefa sér um ástæður alls fjöldans þegar kemur að ástæðum þess að sótt var um og leiður sá plagsiður margra stjórnmálamanna að gera fólki upp skoðanir til þess að hampa sjálfum sér.

Fyrir liggur að aðgerðirnar eru þensluhvetjandi. Bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Seðlabankinn hafa bent á að þensla auki líkur á vaxtahækkunum og verðbólgu. Augljóst er að þeir sem ekki sóttu um (eða áttu ekki rétt á) niðurfærslu eru í verri stöðu en hinir til þess að taka á sig neikvæð áhrif þenslunnar með endurvarpi inn í verðtryggðar skuldir. Einhver gæti því hafa talið óábyrgt að sækja ekki um, hversu vitlausa sem sá hinn sami taldi aðgerðina annars vera.

Eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur bent á hefði vitanlega verið skynsamlegra að nota þessa 80 milljarða í að greiða niður skuldir ríkisins. Að fenginni reynslu af íslenskri hagstjórn má ljóst vera að spurningin er ekki hvort heldur hvenær næsta verðbólguskot verður. Og verðbólga þarf ekki að aukast mikið til þess að éta upp ávinninginn af skuldaniðurfærslunni, verminum skammgóða.

Nær væri að huga að ábyrgri stefnu í peningamálum, sem ekki byggist á örmynt sem ekki fær þrifist nema í skjóli ofurvaxta og/eða gjaldeyrishafta. Enn sem komið er hefur bara verið bent á eina raunhæfa leið í þeim efnum, myntsamstarf við ESB og upptöku evru í framhaldinu. Raunveruleg kjarabót er fólgin í stöðugum gjaldmiðli og vaxtakjörum á borð við þau sem bjóðast í nágrannalöndum okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTARITSTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Viðskiptajöfnuðurinn

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, studdi mann og annan með grein í Fréttablaðinu í gær sem ber yfirskriftina „Góðar fréttir“. Silja Dögg segir að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafi „lyft Grettistaki og komið efnahagslífinu á réttan kjöl“. Í greininni fullyrðir hún að viðskiptajöfnuðurinn sé jákvæður það sem af er ári. Hið sanna er að viðskiptajöfnuður er neikvæður um 2,7 milljarða það sem af er ári, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Vöruskiptajöfnuðurinn er neikvæður um 9,7 milljarða króna.

### Það sem hún meinti

Viðskiptajöfnuður er auðvitað ekki það sama og undirliggjandi viðskiptajöfnuður. Og Greining Íslandsbanka benti vissulega á að undirliggjandi viðskiptajöfnuður er betri mæling á gjaldeyrisflæði landsins en bara viðskiptajöfnuður. Þegar rætt er um undirliggjandi viðskiptajöfnuð eru reiknaðar svokallaðar þáttatekjur og gjöld slitabúa gömlu bankanna tekin með í reikninginn. Greining Íslandsbanka telur eðlilegra að undanskilja gömlu bankana. Silja Dögg hlýtur auðvitað að hafa verið að tala um undirliggjandi viðskiptajöfnuð þegar hún lofsamaði árangur ríkisstjórnarinnar.



### Fjármögnunin ekki í hendi

Í áðurnefndri grein Silju Daggar minntist hún á stærsta mál ríkisstjórnarinnar, sjálfa skuldaleiðréttinguna. Benti hún á að beinar niðurfærslur á höfuðstól verðtryggðra lána og möguleiki á að nýta séreignarsparnað til að greiða niður höfuðstól myndi hjálpa heimilum með verðtryggð lán á beinan hátt með því að lækka mánaðarlega greiðslubyrði af lánum og hækka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar. Hún minntist ekki á það sem Tryggvi Þór Herbertsson sagði síðar þann daginn. Nefnilega það að leiðréttingin er háð fjármögnun verkefnisins, sem er víst ekki alveg föst í hendi og mun að öllum líkindum verða tilefni dómsmála á næstu mánuðum.

jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Forsendur hamingjunnar

SAMFÉLAG



**Hrefna Guðmundsdóttir**
MA í vinnu- og félagssálfræði

Í vor heimsótti okkur guðfaðir hamingjumælinga, prófessorinn dr. Ruut Veenhoven, og hélt erindi í Háskóla Íslands. Hans skilaboð eru að hamingjuna sé hægt að mæla og hægt sé að auka hamingju. Það sem rannsóknir hans sýna er að það er þrennt sem einkennir samfélög þar sem hamingja mælist há.

Í fyrsta lagi er það ákveðin hagsæld sem einkennir þau samfélög, fólk verður jú að hafa í sig og á. Í öðru lagi er aukin hamingja eftir því sem traust er meira í samfélaginu. Traust milli manna, í samskiptum, traust á stofnunum samfélagsins og nágrönnum og að hægt sé að ganga um götur án þess að hafa áhyggjur af lífi sínu og limum. Í þriðja lagi eru það stjórnhættir. Góðir stjórnhættir er m.a. skýr upplýsingagjöf, jafnrétti, réttarríki, lýðræði, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og Veenhoven lagði sérstaka áherslu á í erindi sínu aðgengi að forvörnum á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Hann hvetur til þess að í boði sé ráðgjöf við ákvörðunartöku t.d. á tímamótum. Einnig hvatti hann skóla og meðferðarstofnanir, vinnustaði og sjúkraheimili til að hafa hamingjumælingar til að vita raunverulega um líðan og árangur af inngripi.

Flestallir skilja spurninguna „Hvað finnst þér þú hamingjusamur með líf þitt á heildina litið á bilinu 1–10?“ og „Hvað finnst þér þú hamingjusamur núna á bilinu 1–10?“. Veenhoven hélt því fram að það sem við höldum að geri okkur hamingjusöm hafi lélegt forspárgildi. Ein leið til þess að þekkja betur eigin hamingjuvaka er að halda dagbók þar sem þú skráir hvað þú gerir klukkutíma fyrir klukkutíma frá því þú vaknar og þar til þú ferð að sofa og skráir svo í lok dagsins hvað hver klukkutími gaf þér í hamingju (t.d. á bilinu 1–10). Þá færðu góða vísbendingu um þína eigin hamingjuvaka.

**➜ Einnig hvatti hann skóla og meðferðarstofnanir, vinnustaði og sjúkraheimili til að hafa hamingjumælingar til að vita raunverulega um líðan og árangur af inngripi.**

Veenhoven heldur því fram að erfðir skýri um 30% af hamingju okkar (t.d. geðslag), uppeldi skýri 15%, 15% séu vegna ákvarðana sem við tökum, 10% af félagslegu neti og tengslum, 5% af félagslegri og efnahagslegri stöðu og 10% skýrist hreinlega af heppni eða óheppni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fyrirhrunspólitíkin sýnir sig

FJÁRMÁL



Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Haustið 2008 hrundi fjármálakerfi Íslands með kunnum afleiðingum: Fjöldi fólks missti vinnunna, lán flestra hækkuðu upp úr öllu valdi og ríkissjóður varð stórskuldugur með þeim afleiðingum að skera þurfti verulega niður í rekstri hins opinbera. Eins og rakið er í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis átti hrunið sér margar orsakir í stefnu og starfsháttum ríkisstjórnanna sem voru við völd á árunum á undan, meðal annars í því hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna og eftirlitsstofnanir voru of veikburða til að sinna hlutverki sínu. Þá var rekin flöt skattastefna sem beinlínis stuðlaði að ójöfnuði en allir mælikvarðar sýna að ójöfnuður jókst hratt á síðustu árunum fyrir hrun. Ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar sem tók við eftir hrun tók meðvitaða ákvörðun um að breyta um stefnu og hefja uppbyggingu á nýjum grunni. Nú þegar rúmt ár er liðið frá því að ný ríkisstjórn tók við völdum bendir hins vegar allt til þess að gamla fyrirhrunspólitíkin ráði nú aftur för í stjórnarráðinu.

**Skattastefna fyrirhrunsáranna**

Fyrir hrun var markvisst unnið að því að breyta skattkerfinu í samræmi við hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar sem þá réð ríkjum í íslenskum stjórnmálum. Fjármagnstekjuskattar og fyrirtækjaskattar voru lækkaðir þannig að þeir voru með því lægsta sem þekkist en á sama tíma fylgdu skattleysismörk ekki verðlagi með þeim afleiðingum að lág- og millitekjufólk greiddi sífellt stærri hluta tekna sinna í skatt. Einnig var ljóst á þessum tíma að stór hluti fyrirtækja og einstaklinga komst hjá því að greiða eðlilegan skatt – lágur sem hann þó var – með því að færa sig í skattaskjól eða nýta sér aðrar glufur í skattkerfinu. Allt var þetta látið meira og minna óáreitt, þótt ljóst væri að ríkissjóður þyrfti að vinna upp þetta tap með meiri sköttum á þá sem ekki svindluðu á kerfinu.

Ríkisstjórnin sem tók við eftir hrun komst ekki hjá því að gera breytingar á skattkerfinu til að ná inn auknum tekjum eftir að hrunflokkarnir höfðu steypt ríkissjóði í stórfelldar skuldir. En samhliða því að sumir skattar hækkuðu voru aðrir skattar lækkaðir og eðli þeirra breytt með réttlætissjónarmið í huga. Sem dæmi má nefna að tekinn var upp þrepaskiptur tekjuskattur þar sem tekjulægri borga lægra hlutfall af sínum tekjum en hinir tekjuhærri. Auk þess var sett frítekjumark á fjármagnstekjuskattinn þannig að vextir af venjulegum sparnaði urðu skattfrjálsir. Um leið var farið í meiriháttar átak til að vinna gegn skattaundanskoti, með góðum árangri fyrir ríkissjóð og skattborgara alla.

**Ríkir borga minna, aðrir meira**

Því miður virðist núverandi ríkisstjórn ætla að hverfa aftur til gamallar skattastefnu fyrirhrunsáranna. Ríkisstjórnin hefur þegar tekið ákvörðun um að afnema auðlegðarskattinn en þá gleðjast þeir sem eiga yfir 75 milljónir í hreina eign að frádregnum skuldum. Við þetta bætist að ríkisstjórnin hefur þegar stórlækkað veiðigjöld á sama tíma og fréttir bárust af himinháum arðgreiðslum útgerðarfyrirtækjanna.

Nú hefur fjármálaráðherra einnig gefið út að hann hyggist stórhækka virðisaukaskatt á matvæli, bækur og tónlist. Ljóst er að matarskatturinn leggst þyngst á þá sem eru með lágar tekjur, enda benti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á það í nýlegri skýrslu að ef matarskatturinn yrði hækkaður þyrfti að ráðast í aðrar aðgerðir til að mæta lág- og millitekjufólki. Ekkert hefur verið rætt um slíkar mótvægisaðgerðir, enda virðist skattastefna ríkisstjórnarinnar almennt byggjast á afturhvarfi til gamalla hugmynda um flatan skatt þar sem allir greiða sama hlutfall óháð tekjum og skattkerfið er ekki nýtt til jöfnunar. Slík ójafnaðarstefna er svo markaðssett sem einföldun.

Við þetta bætist svo að ríkisstjórnin hefur farið í umtalsverðar gjaldskrárhækkanir í heilbrigðis- og menntakerfinu. Komugjöld heilsugæslustöðva hækkuðu um allt að 15-20 prósent í lok síðasta árs og skráningargjöld í háskólum um 25%. Líta má á slík gjöld sem ígildi skatta á sjúklinga og námsmenn, nema hvað að skatturinn leggst helst á þá sem minnsta möguleika hafa til samfélagsins. Ýmis teikn eru á lofti að ríkisstjórnin hafi í hyggju að auka enn álögur af þessu tagi á sjúklinga og námsmenn í stað þess að nýta tækifærið sem gefst með auknu svigrúmi í fjárlögum til að tryggja að grunnþjónusta sé öllum aðgengileg, óháð efnahag.

**➜ Ljóst er að matarskatturinn leggst þyngst á þá sem eru með lágar tekjur, enda benti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á það í nýlegri skýrslu að ef matarskatturinn yrði hækkaður þyrfti að ráðast í aðrar aðgerðir til að mæta lág- og millitekjufólki. Ekkert hefur verið rætt um slíkar mótvægisaðgerðir.**

**TÍSTIÐ**



Bragi Valdimar Skúlason
**@BragiValdimar**
**3. september 2014**

Jæja. Vísindamenn kallaðir úr Holuhrauni til að bíða öruggir í Drekagili! AF HVERJU Í DRJÚPFRYSTUM DAUÐANUM ER ÞESSUM ÖRNEFNUM EKKI VÍXLAÐ?!

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

Kaupaukinn þinn í Lyfju

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú kaupir Estée Lauder vörur fyrir 6.900 krónur eða meira í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi og Selfossi dagana 4. -10. september.



**Kaupaukinn inniheldur:**
**Advanced Night Repair**
– viðgerðadropa, 7ml
**DayWear Creme SPF 15**
– dagkrem sem ver húðina, 15ml
**NÝTT Modern Muse Body Lotion**
- húðmjólk með ilm, 30ml
**Modern Muse EDP**
– ilmvatn, 3ml
**Pure Color Eyeshadow Box**
– 4 augnskugga í boxi
**Pure Color Lipstick**
– varalit, fulla stærð, Sugar Honey
**Sumptuous Bold Volume Lifting Mascara**
– svartan maskara, 2.8ml
**Glæsilega snyrtitösku**

*meðan birgðir endast







**Nýtt:**
**25% kynningarafsláttur**
Kynnum DoubleWear All-Day Glow BB Moisture Makeup SPF 30.
Einstakur nýr farði sem gefur fallegan ljóma og jafnan raka.
Fullkoknar náttúrulegan lit húðarinnar og undirtón hennar.
Fáanlegur í 6 litum.
Hágæða prótein sem styður við vöðvavöxt og hámarksafköst. Nærir vöðva til að hámarka hreinan vöðvamassa á meðan náttúrulegar amínósýrur draga úr vöðvaskemmdum eftir erfiðar æfingar.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



## EAS ADVANTEDGE

Frábær næring fyrir fólk sem vill fylgjast með kolvetnainntökunni. Minna en 4g af kolvetnum í hverri stöng, stútfullt af nauðsynlegum vítamínum og steinefnum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÍSK OG FERSK

## Borðum ávexti og grænmeti daglega!

Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum, andoxunar- og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollustuefnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á grænmeti og ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum.



GOTT VERÐ 14.999 kr/stk

SAFAPRESSA



Þú færð íþróttanammið í Hagkaup!



TILBOÐ 149 kr/kg v.á. 279

## ANANAS

### Vissir þú?

- Ananas er stútfullur af C-vítamínum.
- Ananas inniheldur bromelain ensím sem er gott fyrir meltingu og hefur verið þekkt fyrir að bæla hósta og vera slímlosandi.
- Ein ananasplanta gefur af sér einn ananas á tveggja ára fresti.
- Ananasplantan getur lifað í u.þ.b. 50 ár.
- Ananas er hitaeiningalítill og trefjaríkur



TILBOÐ 99 kr/kg v.á. 199

VATNSMELÓNUR

## LÍFRÆNT GRÆNMETI OG ÁVEXTIR Í MIKLU ÚRVALI



LÍFRÆNT ræktað

## Hvaðan færðu vítamínin?

### A

CANTALOUPE, GULRÆTUR, SÆTAR KARTÖFLUR, MANGÓ, SPÍNAT, GRÆNKÁL

### B

BANANAR, SPÍNAT, LÁRPERA, APPELSÍNUR, ROMAIN SALAT, SHITAKE SVEPPIR

### C

KLEMENTÍNUR, APPELSÍNUR, ANANAS, JARÐARBER, SPERGILKÁL, RAUÐ PAPRIKA

### E

BUTTERNUT, SPERGILKÁL, TÓMATAR, ASPARS, KIWI, MANGÓ

### JÁRN

ASPARS, STEINSELJA, SÍTRÓNUGRAS, HVÍTLAUKUR, SPÍNAT, GRÆNKÁL

### KALÍUM

BANANAR, NEKTARÍNUR, FERSKJUR, VÍNBER, MEDJOOL DÖÐLUR, LÁRPERA

Gildir til 14. janúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



## MERKISATBURÐIR

**1845** Jón Sigurðsson, síðar nefndur forseti, og Ingibjörg Einarsdóttir gefin saman í hjónaband

**1888** Jón Árnason, þjóðsagnasafnari og landsbókavörður, lætur lífið

**1888** George Eastman skráir vörumerkið Kodak

**1943** Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness kemur út

**1948** Wilhelmina Hollandsdrottning segir af sér vegna heilsufarsástæðna

**1949** Kirkjan á Möðrudal á Fjöllum vígð

**1963** Swissair-flug 306 brotlendir nærri Dürrenäsch í Sviss og áttatíu manns láta lífið

**1969 Björgvin Halldórsson kosinn poppstjarna ársins á popphátíð í Laugardalshöllinni í Reykjavík**

**1970** Salvador Allende er kosinn forseti Síle

**1973** Bókstafurinn Z felldur úr opinberu máli

**1984** Níunda og síðasta hrina Kröfluelda hefst

**2010** Jarðskjálfti upp á 7,1 á Richter skekur suðurhluta Nýja-Sjálands



**GLEÐIGJAFI** Steve var mikill gleðigjafi en mörgum þótti hann of djarfur.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Krókódílaveiðarinn allur

Átta ár eru liðin frá andláti sjónvarpsstjörnunnar Steves Irwin, sem oftast var kallaður Krókódílaveiðarinn.

Steve lést þann 4. september árið 2006 við tökur á heimildarmynd um ástralska kóralrifið við Norðaustur-Queensland þegar risavaxin stingskata réðst á hann og veitti honum banasár.

Steve var aðeins 44 ára gamall og hafði helgað líf sitt gerð sjónvarpsefnis um krókódíla og önnur óargadýr. Mörgum þótti hann of djarfur í nágrenni villidýra og varð það að lokum honum að bráð.

Steve lét eftir sig eiginkonu og tvö börn en Justin Lyons, myndatökumaður Krókódílaveiðarans, ljóstraði upp síðustu orðum stjörnunnar fyrir stuttu. „Hann leit á mig rólegur og sagði: Ég er að deyja. Það var það síðasta sem hann sagði,“ sagði Justin í áhrifaríku viðtali við Sydney Morning Herald.

- lkg

**ÞETTA GERÐIST:** 4. SEPTEMBER 1998

# Leitarvélin Google var stofnuð þennan merka dag

Leitarvélin Google var stofnuð þennan dag árið 1998 og fagnar hún því sextán ára afmæli sínu í ár. Stofnendur leitarvélarinnar voru þeir Larry Page og Sergey Brin, en þeir voru þá nemendur við Stanford-háskólann í Kaliforníu. Það sem gerði Google frábrugðna öðrum leitarvélum var að í stað þess koma með þá síðu sem oftast hafði verið flett upp, hönnuðu þeir kerfi sem tengdi síður saman til þess að auka gæði upplýsinga í niðurstöðunum. Í dag leitar hún að tvö hundruð atriðum á sekúndu áður en hún skilar niðurstöðum. Árið 1999 létu stofnendur síðunnar undan og hófu að selja auglýsingar á síðuna, en það var eitthvað sem þeir ætluðu sér ekki að gera. Í dag er Google eitt stærsta fyrirtæki heims ásamt því að vera vinsælasta leitarvélin með um tvær milljónir notenda á sekúndu. Fyrirtækið hefur vaxið mikið síðustu ár og er í dag ekki bara leitarvél. Google veitir ýmsa aðra þjónustu undir sínu merki og heldur úti tölvupóstinum G-mail, kortavefnum Google Maps, þýðingarvélinni Goole Translate, gervihnattaleitarvélinni Google Earth og það nýjasta eru gleraugun Google Glass. Hjá fyrirtækinu starfa nú tæp fimmtíu þúsund manns í sjötíu skrifstofum í fjörutíu löndum, og er talið einn skemmtilegasti vinnustaður heims í dag.







# X Factor, Bretland

## Loksins á Íslandi!

## Á dagskrá kl. 19:50 í kvöld á Stöð 3

Í fyrsta sinn á Íslandi er boðið upp á X Factor í Bretlandi, einn vinsælasta skemmtiþátt veraldar. Hinn alræmdi Simon Cowell leiðir dómnefndina en með honum sitja söngkonurnar Cheryl Cole og Mel B ásamt Louis Walsh, stofnanda Boyzone.




3 + Krakka stöðin =




**Fjör fyrir alla fjölskylduna!**

Með Fjölskyldupakkanum færðu alls konar fjör fyrir ungt fólk á öllum aldri. Erlent gæðaefni í bland við frábært íslenskt efni á Stöð 3 og vandað talsett efni frá morgni til kvölds á Krakkastöðinni.

**2.990 kr.**

**Fáðu þér áskrift!**

**365.IS**


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 1 | 2 | 6 | | | | |
| | | | 5 | | | 3 | 9 | |
| 5 | 2 | | | 8 | 4 | | | 7 |
| | | 4 | | 1 | | | | 3 |
| 6 | 7 | | | 5 | 9 | | | |
| | | 9 | 7 | | | | | 6 |
| | | | 8 | | | 2 | | 5 |
| 2 | | 7 | | | | | | |
| | 8 | | 4 | | | 7 | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 2 | | | 3 | | |
| | | | 3 | 6 | | | | |
| 5 | | 3 | | | | | 6 | 9 |
| | 8 | | 4 | | | | 3 | 7 |
| | | 6 | 5 | 7 | | | 4 | 8 |
| | | 2 | | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 2 | | 8 | |
| | | 1 | | | 4 | 6 | | 5 |
| | | | 6 | | 1 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | 2 | 5 | | 3 | |
| | | | | | | | | |
| | 5 | 6 | | 3 | | 4 | | 8 |
| | 9 | | | 4 | 2 | 5 | | |
| | | | | | 7 | | | |
| 7 | 6 | | 1 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 8 | 9 | | | 1 |
| | | | | | | 8 | | 5 |
| 8 | | 9 | | 7 | | | | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 | 6 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 |
| 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 | 3 |
| 7 | 5 | 3 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 3 | 9 | 1 | 4 | 5 |
| 9 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 1 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 9 | 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 5 | 6 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Þið verðið að leyfa ykkur að dreyma svo draumarnir geti ræst.“

*A. P. J. Abdul Kalam*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** ágætt, **6.** eftir hádegi, **8.** sigti, **9.** rangl, **11.** tveir eins, **12.** krapi, **14.** miklu, **16.** stefna, **17.** stjórnarumdæmi, **18.** spor, **20.** skóli, **21.** barrtré.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erindi, **3.** klaki, **4.** ófrægðarpappír, **5.** skítur, **7.** þverslaufa, **10.** flík, **13.** bæli, **15.** ungur fugl, **16.** upphrópun, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fínt, **6.** eh, **8.** sía, **9.** ráf, **11.** ðð, **12.** slabb, **14.** stóru, **16.** út, **17.** lén, **18.** far, **20.** fg, **21.** fura.
**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** ís, **4.** níðbréf, **5.** tað, **7.** hálstau, **10.** fat, **13.** ból, **15.** ungi, **16.** úff, **19.** rr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Fabiano Caruana (2.801) vann sína sjöttu skák í röð þegar hann vann Topalov (2.772) í sjöttu umferð á Sinqeufield-mótinu. Ótrúleg frammistaða.

**Hvítur á leik**



**24. Bxe6! fxe6 25. Hf3+ Ke8 26. Dxe6 Hg7 27. Dh6! Rd4** (eftir 27...Bf8 eða 27...Hg8 er svartur varnarlaus eftir 28. e6!) **28. e6!** (kemur samt!) **28... Rxf3+ 29. gxf3 Bf8 30. Dh5+ Ke7 31. Bxg7** og svartur gafst upp.
**www.skak.is** Undanúrslit Hraðskákkeppni taflfélaga.

# GLÆSILEG HÖNNUN
## FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI



Ný LED 7000 og 7500
sjónvörp frá Samsung.
Stærðir 46“ og 55“

EISA AWARD Best Product 2014-2015
FULL HD TV
Samsung UE55H7005

nánar um
# HAUSTTILBOÐ
á samsungsetrid.is



Ný LED 8000 og 8500
sjónvörp frá Samsung.
Stærðir 48“ 55“ 65“ og 78“

Curved UHD TV

SÍÐUMÚLA 9 - REYKJAVÍK - SÍMI 530 2900

SAMSUNG SETRIÐ
SAMSUNGSETRID.IS

# Villtar í báðum merkingum orðsins

Ætar kökuskreytingar nefnist ljóðabók sem kemur út í dag á vegum Meðgönguljóða. Ljóðskáldið, Emil Hjörvar Petersen, er þekktari sem höfundur þríleiksins Sögu eftirlifenda en hann segist þó aldrei hafa lagt ljóðlistina á hilluna.

„Það eru sex ár síðan ég gaf síðast út ljóðabók en síðan hef ég verið önnum kafinn við að skrifa skáldsagnaþríleikinn Sögu eftirlifenda,“ segir Emil Hjörvar Petersen sem í dag sendir frá sér ljóðabókina Ætar kökuskreytingar hjá Meðgönguljóðum. „Ég sendi Meðgönguljóðum handrit á síðasta ári og þau samþykktu það til útgáfu. Í millitíðinni lauk ég við síðustu bókina í þríleiknum sem kemur út núna í október þannig að ég verð með bók á mánaðarfresti þetta haustið,“ heldur hann áfram. „Það er bara fínt.“

Emil segist aldrei hafa lagt ljóðlistina á hilluna þótt skáldsagnaskrifin hafi eðlilega tekið mest af tíma hans undanfarin ár. „Ég byrjaði sem ljóðskáld og fékk góð viðbrögð, sérstaklega með aðra bókina, Ref, og þótt ég væri að skrifa prósa kallaði ljóðformið alltaf á mig. Það er önnur tjáning og maður fær útrás fyrir aðra hluti. Ljóðin mín geta verið dálítið hörð og ádeilukennd þótt ég myndi ekki kalla mig ádeiluskáld. Ég yrki voða lítið um tilfinningaleg málefni en því meira um það hvernig ég upplifi samtímann og meginstef þessarar bókar er yfirþyrmandi græðgi, blekking félagslegra hlutverka og hömlulaus löngun til sköpunar. Enda lýsir titillinn, Ætar kökuskreytingar, mikilli græðgi og yfirborðsmennsku. Persónur og ljóðmælendur í þessari stuttu ljóðabók hafa orðið fyrir siðrofi og einhvers konar hruni. Þær eru dálítið villtar, í báðum merkingum orðsins.“

**”Ég yrki voða lítið um tilfinningaleg málefni en því meira um það hvernig ég upplifi samtímann og meginstef þessarar bókar er yfirþyrmandi græðgi.**

Þríleikurinn Saga eftirlifenda er furðusaga fyrir fullorðna lesendur sem fjallar um æsina sem lifðu af Ragnarök, er Emil alveg búinn að segja skilið við þann heim? „Já, í bili, ég er með tvær aðrar sögur í bígerð og eina ljóðabók og bókin sem ég er að byrja að skrifa er samtímasaga sem gerist á Íslandi en hefur þó ýmis element furðusögunnar.“

Emil hefur ekki alveg lagt ljóðskáldið til hliðar þótt Ætar kökuskreytingar séu komnar út því í næstu viku heldur hann til Lviv í Úkraínu þar sem hann kynnir ljóðabókina Ref sem er að koma út á úkraínsku. „Ég er að fara á alþjóðlegu bókmenntahátíðina í Lviv, sem nú er haldin í 21. skipti, til að lesa upp úr Refnum og sitja fyrir svörum. Þýðingin kom þannig til að úkraínskur bókaútgefandi sá mig lesa upp úr bókinni á bókamessunni í Gautaborg fyrir tveimur árum og spurði hvort ég vildi ekki að hann gæfi bókina út. Ég játti því auðvitað en átti ekkert endilega von á að hann stæði við það. Hann gerði það nú samt og nú er hún að koma út í Úkraínu, sem gleður mig mikið.“

Þeir sem vilja berja skáldið augum og krækja sér í eintak af Ætum kökuskreytingum geta lagt leið sína í bókabúð Máls og menningar klukkan 17 í dag og hlustað á upplestur hans í útgáfuhófi.

fridrikab@frettabladid.is



**ÁDEILA** „Ljóðin mín geta verið dálítið hörð og ádeilukennd þótt ég myndi ekki kalla mig ádeiluskáld. Ég yrki voða lítið um tilfinningaleg málefni,“ segir Emil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen!

FÁÐU AFSLÁTT ÁN ÞESS AÐ BIÐJA UM HANN!

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Vild

skráðu þig á 365.is

PIPAR\TBWA • SÍA

# Verk í nýju samhengi

Karlotta Blöndal sýnir í Týsgalleríi.



Karlotta Blöndal opnar einkasýningu í Týsgalleríi í dag klukkan 17.

Á sýningunni, sem nefnist Mót/Print – af einum stað á annan, sýnir Karlotta verk sem unnin voru úti í náttúrunni fyrr á þessu ári á samsýningunni STAÐIR/PLACES á Tálknafirði. Verkin hafa tekið á sig nýja mynd, gengið í gegnum umbreytingarferli og birtast í nýju samhengi á nýjum stað.

Sýningin stendur til 28. september og er galleríið opið frá klukkan 13 til 17 frá miðvikudegi til sunnudags.



**SÓPRAN** Einsöngvari á tónleikunum er suðurafríska sópransöngkonan Golda Schultz.

# Góðir gestir á upphafstónleikum Sinfó

Fyrstu hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári eru í kvöld. Andrew Litton stjórnar og einsöngvari er sópransöngkonan Golda Schultz.

Hljómsveitarstjórinn Andrew Litton stýrir upphafstónleikum á nýju starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld. Litton hefur lengi verið meðal virtustu hljómsveitarstjóra Bandaríkjanna. Hann hefur meðal annars hlotið Grammy-verðlaun fyrir samvinnu sína við Bryn Terfel og hefur hljóðritað um 120 geisladiska.

Litton hefur auk þess um árabil verið aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen.

Einsöngvari á tónleikunum er suðurafríska sópransöngkonan Golda Schultz. Hún nam við hinn víðkunna Juilliard-tónlistarskóla í New York og hefur á undanförnum árum hlotið góðar viðtökur fyrir söng sinn.

Á efnisskránni eru Brentano-söngvar frá 1918 og Ævintýri Ugluspegils eftir Richard Strauss og að lokum flytur hljómsveitin sjöundu sinfóníu Beethovens. - fsb

Opið til kl.
21



Hálsmen
2.295 kr.

Hringur
1.795 kr.

Peysa
10.995 kr.

Buxur
7.495 kr.

# Nýjar vörur vikulega

INDISKA
Kringlan
588 2300

/ Indiska Iceland























## Ljóshraðanet og heimasími

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 8.490 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

PIPAR\TBWA • SÍA



















# Yfir 880 íslenskir þættir frumsýndir í ár!

Íslensk þáttagerð blómstrar sem aldrei fyrr og þess fá áskrifendur Stöðvar 2 svo sannarlega að njóta í botn í vetur. Nýir, rammíslenskir skemmtiþættir og spjallþættir létta lundina í hverri einustu viku. Við sýnum frábæra viðtalsþætti, þjóðlífs- og fræðsluþætti og handverki, matargerð og heilsu verða gerð góð skil. Þjóðmálin verða einnig í brennidepli og áhorfendur fá að kynnast frábæru fólki víðsvegar um landið.

Vertu með í vetur.




**fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!**

**8.490 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

**Fáðu þér áskrift! 365.IS**

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 4. SEPTEMBER 2014**

### Fræðsla

**20.00** Fræðslufundur Tilveru, samtaka um ófrjósemi verður í kvöld kl. 20.00 í sal Icepharma á Lynghálsi 13. Fyrirlesari er Hilmar Björgvinsson, líffræðingur á ART Medica. Hann mun fræða okkur um allt sem við viljum vita um það hvað gerist á rannsóknarstofunni. Gestir eru minntir á að virða trúnað um hverjir mæta.

### Fundir

**19.30** Boðað hefur verið til aðalfundar Hallveigar – Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík í kvöld klukkan 19.30 á Hallveigarstíg 1. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk ræðu heiðursgests. Upplýsingar um framboðsmál verða auglýst síðar og lagabreytingar má senda á hallveig@uj.is.

### Hönnun

**17.00** Hönnuðurinn Elísabet Ásberg mun kynna nýja línu fyrir heimilið í dag í Persónu á Hafnargötu 52 í Reykjanesbæ. Línan nefnist Hraun Sushi sett. Það verður tilboð á hönnun í tilefni Ljósanætur. Sýningin stendur yfir alla helgina.

### Námskeið

**13.00** Eigandi og helsti barþjónn danska barsins Mikropolis, á vegum Mikkeller brugghússins, verða með námskeið í dag á Hilton klukkan 13.00. Þeir ætla að miðla af þekkingu sinni og lífsskoðunum á bjórgerð og kokteilsnilli með gestum. Hægt er að skrá sig með því að hafa samband við Slippbarinn.

### Barnatónleikar

**21.00** Raftónlistarmaðurinn og klámleikarinn Basshunter spilar fyrir dansi á nýnemaballi Verzlinga í Kaplakrika í kvöld klukkan 21.00. Einnig munu koma fram Steindi Jr, Bent, DJ JAY-O og DJ R&B. Verðið er 3.000 krónur innanskóla en utanskólamiðar eru uppseldir.

### Tónlist

**19.30** Hljómsveitarstjórinn Andrew Litton, einn virtasti hljómsveitarstjórinn í Bandaríkjunum, opnar haustdagskrá Hörpu með sjöundu sinfóníu Beethovens. Eftir það verður Wagner tekinn fyrir. Suðurafríska sópransöngkonan Golda Schultz, sem útskrifaðist úr Juilliard, mun syngja og dansa við tónlistina.

**20.00** Café Flóra og Reykjavik Sessions kynna Sumartónleikaröð Flórunnar 2014. Í kvöld verða það dúettinn Uni Jon og tónlistarmaðurinn Einar Lövdahl sem skemmta gestum Café Flóru. Tónleikarnir byrja kl 20 og er frítt inn. Flóran er staðsett í Grasagarðinum.

**21.00** Hljómsveitin Bellstop leikur á Café Rosenberg. Bellstopp er skipuð þeim Elínu Ólafsdóttur og Rúnari Sigurbjörnssyni en þau hafa spilað saman um margra ára skeið, m.a. í Kína. Þau spila kröftugt þjóðlagarokk með hráum gítarhljómi og sérstakri raddbeitingu.

**21.00** DJ Smutty Smiff spilar vel valin lög á Bar 11 í kvöld.

**21.00** Hljómsveitin The Roulette kemur fram klukkan 21.00 á Dillon ásamt fleiri tónlistarmönnum.

**21.00** Hljómsveitin Óregla / Bagoura spilar á Gauknum í kvöld klukkan 21.00.

**22.00** Fimmta Fótafimikvöldið er í kvöld þar sem raftónlistarstefnurnar juke og footwork, sem eiga uppruna sinn í Chicago-borg, og tengdir tónar fá að hljóma fyrir dansi. Plötusnúðar kvöldsins eru Ozy, Kocoon, Tandri og Hlýnun Jarðar. Stuðið hefst kl 22 og stendur til kl 1.

**22.00** Í kvöld verður slegið upp heljarinnar veislu á Paddy's í Keflavík þar sem hljómsveitirnar Klassart og Kiriyama Family munu koma fram. Miðasala fer fram við hurð og kostar miðinn litlar 2.000 krónur. Tónleikarnir hefjast kl 22.00.

### Bækur

**17.00** Ætar kökuskreytingar, ný ljóðabók eftir Emil Hjörvar Petersen, kemur út í dag hjá Meðgönguljóðum. Í tilefni þess verður blásið til útgáfuhófs kl. 17.00 í Bókabúð Máls og menningar. Höfundur mun lesa upp úr bók sinni auk þess sem boðið verður upp á léttar veitingar.

### Myndlist

**11.00** Myndlistarkonan Karlotta Blöndal mun sýna verk eftir sig í Týsgallerí á Týsgötu 3. Í verkum hennar er oft mikið unnið með texta og sækist listakonan eftir að kanna eðli tungumála.

**17.00** Lista-, kvikmyndagerðar- og tónlistarkonan Dodda Maggý mun sýna vídeóverk sín á kaffihúsi Listasafni Íslands í dag. Í list sinni reynir hún að útfæra innri víddir drauma, minninga og hugmyndaflugsins.

**17.00** Karlotta Blöndal opnar einkasýningu í Týsgallerí í dag kl. 17.00. Í sýningunni Mót / Print af einum stað á annan, sýnir Karlotta verk sem unnin voru úti í náttúrunni fyrr á þessu ári á samsýningunni STAÐIR / PLACES í Tálknafirði á Vestfjörðum. Verkin hafa tekið á sig nýja mynd, gengið í gegnum umbreytingarferli og birtast í nýju samhengi á nýjum stað.

**20.00** Í kvöld opnar myndlistarmaðurinn Kristján Guðmundsson sýninguna Sýningarsekúndur í menningarhúsinu Skúrnum. Verk Kristjáns er skoðað í gegnum gluggann á Skúrnum, sem stendur að þessu sinni við silfurreyninn á Grettisgötu 17, og er því opið allan sólarhringinn. Listamaðurinn mun gangsetja verkið með SMS-skeyti kl. 20.00.

### Samkoma

**20.00** Röskva býður í nýannar- og útgáfuteiti í kvöld á skemmtistaðnum Húrra. Nýnemar, gamlir nemar, skiptinemar og allir nemar eru meira en velkomnir ásamt þeim sem stunda ekki nám við HÍ. Frír bjór á meðan birgðir endast.

**20.00** Bears on Ice er árleg samkoma samkynhneigðra skeggjaðra karlmanna í þykkari kantinum. Í kvöld klukkan átta er boðið upp á skráningar- og opnunarpartí samkomunnar á þriðju hæð Iðu á Lækjargötu 2. Hægt verður að fá passa fyrir Bears on Ice vikuna og að sjálfsögðu stuttermabol með.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*





# Skemmta á einum elsta klúbbi í heimi

Plötusnúðarnir Addi Exos og Kid Mistik koma fram á Tresor, einum merkilegasta klúbbi í sögu Þýskalands.

„Það er mikill heiður að fá að spila þarna, því aðeins vel valdir plötusnúðar og listamenn koma þarna fram,“ segir Arnviður Snorrason, betur þekktur sem Addi Exos, en hann og Bjarki Rúnar, betur þekktur sem, Kid Mistik eru á leið til Berlínar um helgina að spila á einum merkilegasta klúbbi í heimi. Klúbburinn heitir Tresor og var opnaður árið 1991.

„Þegar Berlínarmúrinn féll þá vó staðurinn helling og boðaði í raun house-tímana í Þýskalandi og spilar stórt hlutverk í menningarsögu Berlínar,“ segir Addi Exos en staðurinn er gömul bankahirsla. Hann segir það mikla viðurkenningu að fá að spila á þessum stað. „Allir mínir uppáhaldsplötusnúðar hafa komið þarna fram og margir spilað sín bestu sett.“

Addi er eini Íslendingurinn sem komið hefur fram á staðnum og eru þeir félagar einnig að fara út til þess að kynna útgáfufyrirtækið sitt, Do Not Sleep Records. „Á efri hæð Tresor, kölluð Globus verður enginn annar en Marshall Jefferson frá Chicago og eigandi Trax Records að spila. Hann gerði lagið Move Your Body árið 1986 sem var fyrsta house-lagið þar sem notast var við píanó. Jefferson er jafn mikilvægur hlekkur í house tónlistinni og Frankie Knuckles. Það verður röð út á götu og við erum að pissa á okkur úr spenningi,“ bætir Bjarki við. **- glp**



**MIKIL HEIÐUR** Addi Exos er eini Íslendingurinn sem komið hefur fram á Tresor í Berlín hingað til. MYND/EINKASAFN



**NÝ BÓK** Gunnar Karl Gíslason sendir frá sér sína fyrstu bók. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sá frumlegasti með nýja bók

Gunnar Karl Gíslason hefur fyrir löngu skapað sér sess sem einn framsæknasti og frumlegasti matreiðslumaður sem Ísland hefur alið, en hann sendir nú frá sér sína fyrstu matreiðslubók, North: The New Nordic Cuisine of Iceland. Hana skrifaði hann ásamt matreiðslubókahöfundinum Jody Eddy.

Árið 2009 opnaði Gunnar Dill Restaurant í Norræna húsinu þar sem hann hefur gert nýstárlegar tilraunir með óhefðbundið íslenskt hráefni sem á sér enga hliðstæðu hérlendis. Dill Restaurant hefur hvarvetna hlotið lofsamlega umfjöllun, bæði í íslenskum og erlendum miðlum.

Gunnar hefur undanfarin misseri búið til matseðlana á Sæmundi í sparifötunum á Kexi Hosteli og á veitingastaðnum við Hverfisgötu.

Í dag ætlar hann að bjóða fólki í smakk, drykk og kynningu á Dilli Restaurant í nýjum húsakynnum að Hverfisgötu 12 á milli klukkan klukkan 16 og 18.

Gunnar heldur vestur um haf í september og október til þess að kynna bókina og heimspekina sem hvílir að baki eldamennsku hans. Nú þegar hafa verið staðfestar níu uppákomur í tenglsum við bókina í Kaliforníu, Ohio, Illinois og New York. **- glp**



**KLASSART**

# Taka forskot á Ljósanótt

Hjómsveitirnar Klassart og Kiriyama Family ætla að taka forskot á sæluna í kvöld og hefja Ljósanæturhelgina með pompi og prakt, þegar þær leiða saman hesta sína á Paddy's í Keflavík í kvöld.

Kiriyama Family er flestum kunnug enda þekkt fyrir að spila elektrópopp á heimsmælikvarða. Meðlimir hljómsveitarinnar eru hver öðrum hæfileikaríkari en þeir skiptast jafnan á hljóðfærum á tónleikum.

Hljómsveitina Klassart þarf vart að kynna fyrir Suðurnesjafólki. Klassart var stofnuð af systkinunum Fríðu Dís og Smára Guðmundsbörnum en hljómsveitin gaf nýverið út sína þriðju plötu, Smástirni, sem hefur hlotið góðar viðtökur.

Miðasala fer fram við hurð og kostar miðinn litlar 2.000 krónur. Tónleikarnir hefjast kl. 22.00.




## AFMÆLISBARN DAGSINS



**36 ára Wes Bentley leikari**

**Helstu myndir** American Beauty, The Hunger Games, The Four Feathers

## BÍÓFRÉTTIR

### Frozen-stuttmynd

Disney er með stuttmyndina Frozen Fever í bígerð sem byggð er á hinni geysivinsælu teiknimynd Frozen. Í stuttmyndinni á Anna afmæli og Elsa og Kristoff ætla að halda bestu veislu allra tíma fyrir hana en kraftar Elsu setja teitið í hættu. Snjókarlinum Ólafi bregður einnig fyrir. Jennifer Lee og Chris Buck leikstýra og verða ný lög í myndinni sem frumsýnd verður næsta vor.



### Í bíó 2016

Warner Bros. hefur gefið það út að spennumyndin The Nice Guys, með Ryan Gosling og Russell Crowe, verði frumsýnd 17. júní árið 2016. Shane Black sest í leikstjórastólinn en myndin fjallar um einkaspæjara og glæpamann sem verða að vinna saman til að finna týnda stúlku og leysa morðmál. Málin virðast ótengd en þegar nánar er skoðað kemur samsæri upp á yfirborðið.



## FRUMSÝNINGAR



**Life of Crime Gamanmynd**

**Aðalhlutverk:** John Hawkes, Jennifer Aniston og Tim Robbins.

**Aldurstakmark:** Ekkert.

IMDb 6,0
59%
Rotten Tomatoes 64%



**Sin City: A Dame To Kill For**

**Aðalhlutverk:** Jessica Alba, Mickey Rourke, Rosario Dawson, Bruce Willis og Joseph Gordon-Levitt.

**Aldurstakmark:** 16 ára.

IMDb 7,1
45%
Rotten Tomatoes 45%



**SIGURSÆL** Hross í oss hefur unnið til fjölmargra verðlauna um heim allan.

## Fulltrúi Íslands

Kvikmyndin Hross í oss eftir Benedikt Erlingsson er sú íslenska kvikmynd sem tilnefnd er til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Myndin keppir við fjórar aðrar myndir; Nymphomaniac úr smiðju Lars von Trier frá Danmörku, Concrete Night eftir Pirjo Honkasalo frá Finnlandi, Blind, mynd Eskil Vogt frá Noregi og Force Majeure eftir Ruben Östlund frá Svíþjóð. Íslensku dómnefndina, sem valdi Hross í oss sem fulltrúa Íslands, skipuðu Kristín Jóhannesdóttir, Björn Ægir Norðfjörð og Auður Ava Ólafsdóttir.

Sá sem ber sigur úr býtum hlýtur 350 þúsund danskar krónur, um 7,5 milljónir króna.

„Myndirnar sem tilnefndar eru, eftir bæði þekkt sem nýtt kvikmyndagerðarfólk, standa fyrir þær sem fremstar eru í flokki norrænna nútímakvikmynda. Þær birta tilfinningar mannskepnunnar og krafta náttúrunnar á einstaklega ólíkan og fjölbreyttan máta,“ segir Petri Kemppinen, framkvæmdastjóri Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins.

Kunngjört verður um sigurvegarann þann 29. október en það verður í ellefta sinn sem verðlaunin eru veitt. Í fyrra hlaut Jagten, úr smiðju danska leikstjórans Thomas Vinterberg, verðlaunin.

- lkg

# SKEMMTILEGA SNÚIN TENGSL

Kvikmyndin París norðursins, í leikstjórn Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, verður frumsýnd hér á landi á morgun. Hafsteinn er þakklátur fyrir góða dóma sem myndin hefur fengið en hún var heimsfrumsýnd í Tékklandi í byrjun júlí. Í París norðursins kannar Hafsteinn til að mynda flókin fjölskyldutengsl.

„Þetta er mannleg dramakómedía um að finna sinn stað í lífinu en einnig um fjarlægðir í samböndum og hvernig fjölskyldutengsl geta orðið skemmtilega snúin í litlu samfélagi,“ segir leikstjórinn Hafsteinn Gunnar Sigurðsson. Mynd hans, París norðursins, verður frumsýnd á Íslandi á morgun.

Í myndinni leikur Björn Thors Huga, mann sem hefur fundið sér skjól frá flækjum lífsins í litlu, kyrrlátu þorpi úti á landi. Þegar hann fær símhringingu frá föður sínum, sem leikinn er af Helga Björnssyni, kemst þetta einfalda líf í uppnám. Auk þess fer Nanna Kristín Magnúsdóttir með veigamikið hlutverk í myndinni en tónlistin er í höndum Prins Póló.

Myndin var að mestu tekin upp á Flateyri og segir Hafsteinn að tökurnar hafi gengið eins og í sögu.

„Það myndaðist ótrúlega góður andi sem gerist oft þegar fólk fer út úr sínu daglega umhverfi til að vinna að sameiginlegu markmiði. Ég var umkringdur góðu fólki og bæjarbúar voru allir af vilja gerðir,“ segir leikstjórinn. Hann er hvað þekktastur fyrir kvikmyndina Á annan veg, sem endurgerð var vestan hafs undir titlinum Prince Avalanche í leikstjórn Davids Gordon Green. Í París norðursins líkt og Á annan veg eru fáir karakterar í aðalhlutverki.

„Mér finnst gott að gefa persónum tíma og gefa áhorfendum tíma með persónum upp á að kynnast þeim og geta dýpkað þær enn frekar. Ég vil fara lengra með fáar persónur í staðinn fyrir að kynna margar stutt til sögunnar. Mér finnst áhugavert að kanna samband persónanna og þær sjálfar,“ segir Hafsteinn.

París norðursins var heimsfrumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Karlovy Vary í Prag í Tékklandi í byrjun júlí. Þar fékk hún góðar viðtökur en fram undan er mikið hátíðarflakk hjá myndinni. Hún verður frumsýnd í Norður-Ameríku á kvikmyndahátíðinni í Chicago í október og ferðast einnig til Brasilíu, Tyrklands, Þýskalands, Englands og Frakklands svo dæmi séu tekin.

Hafsteinn hefur einnig vakið talsverða athygli fyrir leikstjórn og segir David Gordon Green meðal annars í samtali við vefrit Dazed & Confused að Hafsteinn sé einn af tíu kvikmyndagerðarmönnum í heiminum sem vert sé að fylgjast með. Hafsteinn er að vonum ánægður með þessi viðbrögð.

„Það er frábært þegar fólk tekur vel í verkin manns og upplifur þau sterkt. Ég er mjög þakklátur fyrir það.“

liljakatrin@frettabladid.is



**ALLT Í UPPNÁMI** Líf Huga kemst í uppnám þegar faðir hans hringir.

### DÓMAR UM PARÍS NORÐURSINS

**„París norðursins er lítil en heillandi dramatísk kómedía um tilfinningalega heftan karlmann. Í henni koma fyrir sambönd föður og sonar sem sýna á gamansaman hátt ýmsar tegundir af manndómi og foreldraaga.“**

*Alissa Simon, Variety*

**„Þetta er ein af þessum myndum sem þú sérð og hún hrífur þig með sér og þú ert alveg læstur við skjáinn og fullur eftirtektar.“**

*David Gordon Green*

**„París norðursins er yndislega þurrt og kaldhæðið kómedíudrama.“**

*Mark Adams, Screendaily*

**„Áhrifaríkur leikur og nístandi húmor.“**

*Laurence Boyce, Cineuropa*



**VEKUR ATHYGLI** Hafsteinn er leikstjóri sem vert er að fylgjast með.



netto



## SISTEMA LEIKUR!

**HVAÐ ER Í ÞÍNU SISTEMA BOXI?**
Taktu mynd af flottu nesti, birtu hana á Facebook eða Instagram merkta **#sistemanesti** og þú gætir unnið **flotta vinninga!**

nánar **netto.is/sistema**



THE FOOD DOCTOR SKYNDIRÉTTIR
349KR | 25% | **262**KR

## VEGAN
## MJÓLKUR- & EGGJALAUST




VIVANI SÚKKULAÐI 4 TEG
239KR | 25% | **179**KR

# heilsu & lífsstílsdagar

## SKOÐAÐU HEILSUBLAÐIÐ Á NETTO.IS
### – FJÖLDI HUGMYNDA, UPPSKRIFTA OG SPENNANDI TILBOÐA

Í jurtahylkjum svo að líkaminn nýti burnirótina betur, eykur einbeitingu, orku og kraft, dregur úr doða, kvíða og stressi.




UDO'S OLÍA
3.349KR | 25% | **2.512**KR

ALLT AÐ
**25%**
AFSLÁTTUR
AF LÍFSSTÍLS & HEILSUVÖRUM

- ÞEYTINGUR
- LÍFRÆNT
- KRÍLIN
- SÉRFÆÐI
- HOLLUSTA
- UPPBYGGING
- UMHVERFIÐ



LÍF RÆNT

SONNENTOR SULTUR
698KR | 25% | **524**KR

**ORKUBOLTI**
NÆRANDI BRAUÐ
MEÐ HNETUSMJÖRI
& SULTU

HRÍSKÖKUR M/SÚKKULAÐI
259KR | 25% | **194**KR




LÍF RÆNT




LÍF RÆNT



## RAGGA NAGLI

verður í Nettó Mjódd laugardaginn 6. sept og sunnudaginn 7. sept frá 12.00 – 14.00. Hún hjálpar þér að taka þín fyrstu skref í átt að betri heilsu og leyfir þér að smakka góðgæti úr eldhúsi Röggu fyrir alla svanga heilsumeli.

**netto.is/naglinn**

## Trend á Twitter Tístarar gera stólpagrín að öfgasamtökunum IS

Kassamerkið **#AskIslamicState** er mjög heitt á Twitter en tíst sem merkt eru því gera grín að öfgasamtökunum IS. Upphafsmaður þessa gríns er talinn vera spéfuglinn Lee Hurst.

**Lee Hurst**
@2010LeeHurst
22. ágúst
**#AskIslamicState**
Hvenær búist þið við að Caliphate opnist fyrir ferðamenn?

**Chris Long**
@ChrisLong193
3. september
**#AskIslamicState**
Hafið þið einhvern tímann drepið einhvern sem var ekki handjárnaður fyrir aftan bak?

**Steve McStove**
@bakedstove
31. ágúst
**#AskIslamicState**
Ætti ég að hafa vanillu- eða súkkulaðiköku á afmælinu mínu?

**Farhaan**
@PremierBankshot
31. ágúst
**#AskIslamicState**
Af hverju er T í Tsunami?

**Liars Never Win**
@liars_never_win
29. ágúst
Hvar í Kóraninum stendur að maður eigi ekki að nota svitalyktareyði? **#AskIslamicState**

**John F Smith Jr**
@johnfsmithjr
27. ágúst
**#AskIslamicState**, þetta með 72 hreinar meyjar, eru það konur eða geitur?

# GLEÐI, ÞYNGDARLEYSI OG SLÖKUN

**Nú þegar hausta tekur byrja flestir að huga að líkamsrækt að nýju og núna er skemmtun í aðalhlutverki. Lífið skoðaði hvað er í boði.**



## ENDURNÆRIST AF GÓÐRI ORKU

„Snilldin við þetta er að þú getur gert þetta á þínum eigin hraða, þoli og styrk, þetta hentar hvaða líkamsformi og aldri sem er. Það eru engin hopp eða slíkt, svo álag á hné og mjóbak er ekki vandamál. Ég hef haft allt frá átján ára upp í sjötugt í tíma hjá mér,“ segir Unnur Pálmarsdóttir sem kynnir nýtt líkamsræktarkerfi hannað af henni sjálfri. Kick-Fusion er byggt á kikkboxi og tabatalotum, þar sem unnið er með hámarksákefð í stuttan tíma en það tryggir mikla brennslu og góðan eftirbruna. Hún hefur unnið að hönnun kerfisins í nokkur ár og kennt við góðar undirtektir erlendis. Unnur lofar miklum svita, brennslu og gleði á námskeiðinu.

**Hvað?** Lokuð Kick-Fusion námskeið. Innifalið matarprógramm og aðgangur að tækjasal.

**Hvar?** World Class Laugum mánudaga og miðvikudaga kl. 17.30, World Class Seltjarnarnesi þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18.20.

**Hverjir?** Allir aldurshópar velkomnir.



## JÓGA Í ÞYNGDARLEYSI

„Aerial yoga er fyrst og fremst skemmtilegt,“ segir Arna. „Þótt þú hangir í slæðunum þá er ekkert að óttast, það er algjör óþarfi að ríghalda sér í. Hlutverk bandanna er að styðja við líkamann og hjálpa honum þannig að komast dýpra í jógastöðurnar og ná betra flæði. Svo er þetta bara umfram allt skemmtilegt og maður upplifir svo mikla barnslega gleði við það að hanga í böndunum, það gefur manni svo mikið.“ Margrét Arna Arnardóttir er eigandi B yoga og hefur kennt Aerial yoga á Íslandi síðan í janúar. Hún segir þessa tegund af jóga einstaklega skemmtilega og hvetur alla til þess að prófa. „Það er ekkert að óttast, tíminn snýst ekki um að hanga á hvolfi allan tímann, heldur ná dýpri teygjum, jöfnu jógaflæði og góðri slökun,“ segir hún.

**Hvað?** Jóga þar sem notast er við silkibönd og hangið í þeim.

**Hvar?** B yoga, Nethyl 2.

**Hverjir?** Hentar öllum.



## MÁLIÐ AÐ HRISTA SIG Í VETUR

„Það nýjasta hjá okkur haust er gamla góða Jane Fonda-leikfimin, en kennarinn, hún Sigga Ásgeirs, hefur betrumbætt kerfið og bætt nokkrum nýjum æfingum við,“ segir Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Kramhúsinu. „Við bjóðum líka upp á Shaking eða Hristing sem er nýjasta æðið í Svíþjóð. Þar byrjum við á dansupphitun og förum svo í að hrista útlimina og náum þannig slökun í hvern þeirra,“ bætir hún við og segist finna fyrir auknum áhuga fyrir því að hreyfa sig og hafa líkamsræktina skemmtilega umfram annað. „Beyoncé-námskeiðin eru alltaf jafn vinsæl, en fullt er á námskeiðin sem hefjast í næstu viku og er biðlisti eftir plássi,“ segir Bryndís en getur glatt aðdáendur námskeiðsins með því að haldin verða önnur námskeið strax að þessum loknum í október.

**Hvað?** Jane Fonda, sex vikna námskeið tvisvar í viku.

**Hvar?** Kramhúsið Skólavörðustíg.

**Hverjir?** Allir sem vilja umfram allt hafa gaman af líkamsræktinni sinni.

nettó 24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ GRANDA OG MJÓDD

DAG SEM NÓTT

## 28.08.2014 → 03.09.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| *1* | ▶ | ***George Ezra*** | **Budapest** |
| 2 | ▶ | Prins Póló | *París norðursins* |
| 3 | ▶ | Sia | *Chandelier* |
| 4 | ▲ | Kaleo | *All The Pretty Girls* |
| 5 | ▲ | Milky Chance | *Stolen Dance* |
| 6 | ▼ | Valdimar | *Læt það duga* |
| 7 | ▲ | Sam Smith | *I'm Not The Only One* |
| 8 | ▲ | Nico & Vinz | *Am I Wrong* |
| 9 | ✱ | Tove Lo | *Habits (Stay High)* |
| 10 | ▼ | Sam Smith | *Stay With Me* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| *1* | ▶ | ***Low Roar*** | **0** |
| 2 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 3 | ▶ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music Vol. 2* |
| 4 | ▼ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| 5 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 6 | ▶ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 7 | ▼ | Samaris | *Silkidrangar* |
| 8 | ▼ | Ýmsir | *Icelandic Folksongs and Other Favorites* |
| 9 | ▼ | GusGus | *Mexico* |
| 10 | ▲ | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

# DEBENHAMS




# LANCÔME DAGAR

## Í DEBENHAMS 4. – 10. SEPTEMBER

**30%**

**AFSLÁTTUR AF**

VISIONNAIRE DROPUNUM




Visionnaire droparnir lagfæra hrukkur, húðholur og ójöfnur. Droparnir eru með silkimjúka áferð og smjúga samstundis inn í öll 3 lög húðarinnar. Má nota dag og nótt allan ársins hring.

Lancôme færir þér snyrtitösku fulla af lúxusstærðum, m.a. VISIONNAIRE KREM 15 ML, þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 8.900 krónur eða meira.

*Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir ekki með öðrum kaupaukum. Gildir meðan birgðir endast.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

NÝHERJI

Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / nyherji.is/skolatolvur

Græjaðu skólann!

Allt sem námsmaðurinn þarf

Lenovo Yoga 2 13,3"
**Verð: 154.900 kr.**



Spjald- eða fartölvu?
Sameinaðu kosti beggja
með einni græju.

360°

Lenovo G50 15,6"
**Verð: 54.900 kr.**



Stílhrein námstölva
á frábæru verði.

Lenovo Yoga 10" HD+
**Verð: 51.990 kr.**



Skærasta stjarnan á svæðinu.
Með innbyggðum standi.

18 klst.

# Brúðir sem tóku áhættu á stóra deginum

Leikkonan Angelina Jolie gekk að eiga leikarann Brad Pitt fyrir stuttu í óvenjulegum klæðum en brúðarslör hennar var skreytt með myndum sem börnin þeirra sex höfðu teiknað. Hún er langt frá því að vera fyrsta stjörnubrúðurin sem velur óvenjulegan fatnað á þessum stóra degi. Fréttablaðið fór á stúfana og fann ýmis óvenjuleg dress úr fórum stjarnanna sem gætu veitt einhverjum innblástur til að fara nýjar leiðir þegar gengið er upp að altarinu.




**ÚR SMIÐJU VERSACE** Angelina Jolie og Brad Pitt gengu í það heilaga þann 23. ágúst. Kjóll Angelinu kemur úr smiðju Atelier Versace en slörið er skreytt með teikningum eftir börnin þeirra sex, Maddox, Pax, Zahara, Shiloh, Vivienne og Knox.



**SÆT MEÐ SKUPLU** Leikkonan Audrey Hepburn gekk að eiga ítalska lækninn Andrea Dotti árið 1969. Hún klæddist stuttum kjól, sem var óvanalegt á þessum tíma, og með skuplu á höfðinu.



**BÓHEMBRÚÐUR** Enska fyrirsætan Poppy Delevingne giftist James Cook í maí. Hún valdi kjól í bóhemstíl fyrir stóra daginn sem var sérsaumaður af Peter Dundas, listrænum stjórnanda Pucci.



**FJÓLUBLÁR DAGUR** Dansarinn Dita Von Teese giftist rokkaranum Marilyn Manson árið 2005 og klæddist íburðarmiklum kjól frá tískudrottningunni Vivienne Westwood. Hatturinn kom úr smiðju Stephens Jones.



**KAPPKLÆDD** Brúðardress Marilyn Monroe var einfalt þegar þau Joe Di'Maggio létu pússa sig saman árið 1954.



**KANKVÍS Í KANARÍGULU** Leikkonan Elizabeth Taylor játaðist Richard Burton í fyrra sinn árið 1964 í þessum kanarígula kjól með blómaskreytingu í hárinu.



**STRIGASKÓR ÁSTARINNAR** Yoko Ono giftist Bítlinum John Lennon árið 1969 á Gíbraltar og var óhefðbundin í klæðaburði. Hún klæddist stuttum kjól, var í hnéháum sokkum, strigaskóm og með sólgleraugu.




**BLEIKT BJÚTÍ** Leikkonan Jessica Biel var í bleikum brúðarkjól frá Giambattista Valli þegar hún og tónlistarmaðurinn Justin Timberlake innsigluðu ást sína árið 2012.



**TILBÚIN Í KOKTEILBOÐIÐ** Rita Wilson og Tom Hanks játuðust hvort öðru árið 1988 og er brúðarkjóllinn lýsandi fyrir áratuginn.



Allt Airfree - 20% afsláttur - frá 19.800 kr.
20%
Airfree lofthreinsitæki 50 m2 AIR-P125
Verð áður 49.750 kr. 39.800 kr.
25%
Stækkunarspegill með LED ljósi
HOM-ELMM8150
Verð áður 9.750 kr. 7.313 kr.
Allir A&D mælar - 25% afsláttur
25%
Blóðþrýstingsmælir - Áreiðanleikaprófaður
AND-UA651
Verð áður 9.750 kr. 7.313 kr.
25%
Baðvog gler svört HOM-9069BKR
Verð áður 4.950 kr. 3.713 kr.
40%
Snertilaus hitamælir HOM-9069BKR
Verð áður 6.790 kr. 4.074 kr.
Öll rakatæki - 25% afsláttur
25%
Rakatæki Mini AOS-U7146
Verð áður 9.750 kr. 7.313 kr.
20%
Compression hlaupasokkar
BAU-291801730035
Verð áður 7.950 kr. 6.360 kr.
25%
Nálastungudýna SHA-TESH01
Verð áður 9.750 kr. 7.313 kr.
Eirberg
Verslaðu á vefnum
Frí sending að 20 kg
1 árs skilaréttur
Útsala 20%–60%
Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is
20%
Vatnsfylltur heilsukoddi H2O MFL-1210
Verð áður 9.750 kr. 7.800 kr.
Öll HoMedics nuddtæki – 25% afsláttur
25%
Nuddpúði með gelhausum HOM-SP1000
Verð áður 19.750 kr. 14.813 kr.
25%
Nuddsæti Gel herðar og bak
HOM-SGM606H
Verð áður 49.750 kr. 37.313 kr.
25%
Nuddsæti Shiatsu bak með geli
HOM-SGM425H
Verð áður 35.950 kr. 26.963 kr.
60%
Bakbretti Trigger Point SMC-BACKMAGICTP
Verð áður 9.750 kr. 3.900 kr.
25%
Infrarautt djúphitateppi ADD-KB2436
Verð áður 19.750 kr. 14.813 kr.
Úrval af gigtarhönskum á tilboði.
20%
IMAK gigtarhanskar IMA-A2017
Verð áður 4.950 kr. 3.960 kr.
20%
Hitapúði Active Pro
SOE-68010
Verð áður 7.950 kr. 6.360 kr.
Yfir 400 vörunúmer á útsölunni – Vörur sem efla heilsu og auka lífsgæði




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES VIP 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| FADING GIGOLO | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 5:30 - 8 | 7 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D: | KL. 6 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| LUCY | KL. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 10:30 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 2D 5:25 - 8 - 10 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 5:30 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 8 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 10:30 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 5 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D | KL. 8 - 10:10 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 8 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 8 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 10:10 | 12 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D: | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| TMNT 2D | KL 3.30 - 5.45 | 10 |
| TMNT 3D | KL 3.30 - 8 - 10.15 | 10 |
| TMNT 3D LÚXUS | KL 3.30 - 5.45 - 8 | 10 |
| THE GIVER | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE GIVER LÚXUS | KL 10.15 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| EXPENDABLES | KL 8 - 10.40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GIVER | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ARE YOU HERE | KL 8 - 10.30 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 | 12 |
| NIKULÁS Í FRÍI | KL 5.45 | L |
| SEX TAPE | KL 8 | 14 |
| DAWN ... PLANET OF THE APES 3D | KL 10.15 | 14 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 10.15 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TMNT 3D | 5:20 | 10 |
| ARE YOU HERE | 8 | 12 |
| LET'S BE COPS | 5:45, 8, 10:20 | 12 |
| THE EXPENDABLES | 10 | 12 |
| LUCY | 8 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D | 5:20 | L |


# Lagerfeld verður Barbie-dúkka

Nýjasta samstarf tískuhönnuðarins Karl Lagerfeld er við dúkkurisann Mattel Inc., en þar er Barbie-dúkkan meðal annars framleidd. Í tilefni þess að Barbie-dúkkan fagnar 55 ára afmæli á árinu lét hönnuðurinn gera eftirmynd af sér sjálfum í formi Barbie-dúkku, nema kvenkyns. Dúkkan er klædd í sams konar fatnað og fatahönnuðurinn sést iðulega í, svarta dragt, hvíta skyrtu með háum kraga, með svart bindi, grifflur og svört sólgleraugu. Dúkkan verður framleidd í mjög takmörkuðu upplagi en útgáfudagur hennar verður tilkynntur síðar á árinu.



**KARL LAGERFELD**

# Internetið hatar mig

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Internetið er ótrúlegt. Vefsíður safna upplýsingum um allt sem maður gerir og nýta þær svo til að klæðskerasníða persónulega fyrir mann auglýsingar og annað efni sem höfðar til manns.

**EF** maður leitar að súkkulaði á Google er komin auglýsing frá Snickers á Facebook-vegginn hjá manni fimm mínútum síðar. Og ef maður smellir á frétt um Kim Kardashian á Huffington Post metur Facebook stöðuna sem svo að maður fái hreinlega ekki nóg af henni og fyrr en varir yfirskyggir mikilfenglegur afturendi hennar allt annað efni. Vissuði að hún er að fara að gefa út bók sem inniheldur ekkert annað en sjálfsmyndir? Af hverju fæ ég aldrei svona góðar hugmyndir?

**INTERNETIÐ** er samt ekki fullkomið. Stundum finnst mér eins og það þekki mig ekki neitt – þrátt fyrir að ég hafi verið daglegur notandi í meira en 15 ár. Miðað við auglýsingarnar sem birtast á Facebook-síðu minni þessa dagana heldur internetið að ég hafi áhuga á því að skrá mig á námskeið í garðyrkju. Reynsla mín af garðyrkju felst í að liggja sofandi í runnum í unglingavinnunni, þannig að námskeið kæmi sér reyndar vel. En ekki veit ég hvaðan sú hugmynd er komin að ég hafi á því áhuga.

**FACEBOOK** telur líka að ég vilji fræðast um ljósaperur. Eru djúp skilaboð fólgin í því? Telur samfélagsmiðillinn að ég lifi í myrkri? Þá er endalaust framboð af auglýsingum frá stefnumótasíðum, framleiðendum stinningarlyfja og skottulæknum sem bjóða vöðvamassa gegn neyslu á furðulegum, sjaldgæfum ávöxtum.

**INTERNETIÐ** er minn besti vinur en um leið minn versti óvinur. Eða ég vona allavega að raunverulegir vinir mínir telji ekki að ég sé myrkur vöðvafíkill á stinningarlyfjum sem sé í leit að maka, þrátt fyrir að eiga frábæra kærustu, og hafi í þokkabót áhuga á því að skrá sig á námskeið í garðyrkju. Mér sýnist á öllu að internetið hati mig.

# Láku nektarmyndum úr snjallsímum stjarnanna

Bandaríska alríkislögreglan, FBI, rannsakar nú hvernig hakkarar komust inn í síma fjölda þekktra einstaklinga og láku myndum úr þeim á netið. Mesta athygli hefur leikkonan Jennifer Lawrence fengið en nektarmyndir af Óskarsverðlaunaleikkonunni fóru á netið í byrjun vikunnar. Vekur þetta spurningar um öryggi snjallsíma sem margir hverjir geyma mikilvægar upplýsingar fyrir eigendur sína.

Það olli miklu fjaðrafoki í byrjun vikunnar þegar hakkarar brutu sér leið inn í síma þekktra einstaklinga og láku út myndum úr einkasafni á síðunni 4Chan. Bandaríska alríkislögreglan, FBI, er komin í málið og telur um öryggisbrest í iCloud-kerfinu að ræða, en forritið yfirfærir allar myndir af snjalltækjum í heimilistölvuna. Um grafalvarlegt mál er að ræða og hefur spurningarmerki verið sett við siðferði þeirra sem skoða þessar einkamyndir á internetinu.

Mesta athygli hefur Óskarsverðlaunaleikkonan Jennifer Lawrence fengið en nektarmyndum af henni var stolið úr símanum og þær birtar á netinu. Talskona hennar, Liz Mahoney, segir atvikið hafa verið kært til lögreglu og hótar kæru á alla þá miðla sem birta myndirnar. „Við teljum þetta algert brot á einkalífi og höfum haft samband við yfirvöld vegna þessa. Allir sem birta þessar stolnu myndir af Jennifer Lawrence mega búast við lögsókn."

Leikkonan Mary Elizabeth Winstead lenti einnig í tölvuþrjótunum og tjáði hún sig um atvikið á samskiptamiðlinum Twitter. „Til ykkar sem eruð að horfa á myndir sem eiginmaður minn og ég tókum af okkur í svefnherberginu okkar, á heimili okkar: Vonandi líður ykkur vel með ykkur sjálf." Einnig lentu þær Rihanna og Cat Deely í hökkurunum.

Nat Kerris sagði, í yfirlýsingu fyrir hönd Apple, að fyrirtækið ætlaði að kanna málið. „Við leggjum mikið upp úr því að gögn viðskiptavina okkar séu örugg. Við munum rannsaka málið ítarlega."

Ken Westin, sérfræðingur í öryggismálum, segir í samtali við Times að það sé mikilvægt fyrir fræga einstaklinga og almenning að muna að það er erfitt að hafa stjórn á hlutum sem fara í gegnum ofangreint iCloud-kerfi inn í tölvubúnað. „Um leið og myndum og öðrum gögnum er hlaðið niður í forritið er miklu erfiðara að hafa stjórn á því, þó að við teljum það vera prívat."

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem gögnum og myndum úr einkasafni frægra einstaklinga er lekið á netið af hökkurum. Á síðasta ári var reikningsyfirlitum, kennitölum og öðrum öryggisgögnum frá einstaklingum á borð við Jay Z, Beyoncé, Mel Gibson og Ashton Kutcher, lekið á netið. Einnig lentu leikkonurnar Scarlett Johansson, Mila Kunis og Christina Aguilera í því að pósthólfin þeirra voru hökkuð af Christopher Chaney, sem í desember 2012 var dæmdur fyrir brotið þar sem Aguilera og Johansson báru vitni. „Þessi öryggistilfinning kemur aldrei aftur og það er ekkert sem getur komið í staðinn fyrir þá tilfinningu, enda alger innrás inn í einkalíf þitt," sagði Aguilera.

alfrun@frettabladid.is



**BRJÁLUÐ** Jennifer Lawrence ku vera mjög reið vegna lekans og hyggst kæra alla þá miðla sem birta nektarmyndirnar af leikkonunni. NORDICPHOTOS/GETTY



**EKKI SÁTT** Mary Elizabeth Winstead segir myndirnar sem var stolið úr símanum hennar hafi verið teknar í svefnherbergi þeirra hjóna og ekki fyrir neinn að sjá nema þau tvö.

## FJÖLMARGIR STYÐJA LAWRENCE

Meðal þeirra sem hafa tjáð sig um málið er leikkonan Emma Watson, en þær Jennifer Lawrence eru vinkonur, og setti hún eftirfarandi skilaboð á Twitter-síðu sína: „Það sem er jafnvel verra en að sjá einkalíf konu svona brotið er að lesa kommentin þar sem birtist ekki vottur af samkennd."

Slúðurbloggarinn Perez Hilton var einn af þeim fyrstu til að birta myndirnar af Lawrence á síðu sinni á sunnudagskvöldið en var fljótur að taka þær út og biðja leikkonuna innilega afsökunar á Twitter. Hann segist sjá mjög eftir því að hafa birt myndirnar, það hafi verið gert í flýti.


ÍSLANDS EUROPA CINEMAS BÍÓ ★ PARADÍS MIÐASALA Á midi.is




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...

# EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS

## TOSHIBA

## TVÆR TÖLVUR Í EINNI

Fislétt og meðfærileg fartölva sem breytist í 13,3" spjaldtölvu með einum smelli. Rafhlaða sem dugar allt að 8,5 tíma og öflugur fjögurra kjarna Intel Pentium örgjörvi. Frábær kaup.

**129.990**



TOS-L30WB10D

### 15,6" MEÐ INTEL



Hagkvæm 15,6" fartölva með Intel örgjörva og Intel HD skjákorti, 4GB vinnsluminni og 500GB hörðum diski fyrir gögnin.

ASUS
ASU-F551MAVBINGSX426

**54.990**

### HAGKVÆMASTA INTEL i3

15,6"

Lægsta verð á 15,6" fartölvu með Intel i3 í úrvalinu okkar. TruBrite skjátækni sem skilar sérstaklega háu birtustigi og betri myndgæðum.



TOSHIBA
TOS-C50B118

**79.990**

### HVÍT OG KRAFTMIKIL

15,6"



Glæsilega hvít fartölva með öflugum fjögurra kjarna AMD A6 örgjörva, Radeon HD8400 skjákorti, 8GB vinnsluminni og risastórum 1TB diski fyrir öll gögnin.

TOSHIBA
TOS-L50DB12K

**99.990**

### FULL HÁSKERPA OG INTEL i5



Glæsilega hönnuð silfurlituð fartölva með öflugum Intel i5 Haswell örgjörva sem skartar 15,6" FullHD skjá með frábærum myndgæðum og skerpu. 8GB vinnsluminni og 750GB gagnadiskur.

TOSHIBA
TOS-L50B15N

**129.990**

### HRAÐVIRK MEÐ SSD

13,3"

Nett fartölva fyrir þá sem eru mikið á ferðinni. Sérstaklega hröð vegna 128GB SSD disks og 8GB vinnsluminnis. Kristaltær 13,3" skjár og löng rafhlöðuending.



**109.990**

acer
ACE-NXMPHED002

tl.is





ALLT ÚRVALIÐ Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

## Fékk sex fugla á seinni níu



**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, fór á kostum á fyrsta keppnisdegi Willis Masters í gær en mótið er hluti af Nordea-atvinnumótaröðinni. Birgir Leifur fékk sex fugla á seinni 9 holunum á Kokkedal-vellinum í Danmörku.

Birgir Leifur lék seinni níu holurnar á 30 höggum og hringinn á 67 höggum, fimm höggum undir pari, eftir að hafa fengið einn fugl og tvo skolla á fyrri níu. Birgir Leifur er í 9. sæti á mótinu, fjórum höggum á eftir efsta manni.

Axel Bóasson úr Keili lék fyrsta hringinn ágætlega en hann kom í hús á einu höggi undir pari í 53. sæti. Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum lenti í heldur meiri vandræðum en hann fékk fimm skolla á fyrri níu holunum og lauk leik á fimm höggum yfir pari. Ólafur er í 142. sæti eftir fyrsta hring mótsins - kpt

## Grannt fylgst með Aroni í vikunni

**FÓTBOLTI** Pepsi-deildarliði Víkings barst kauptilboð í miðjumanninn öfluga, Aron Elís Þrándarson, frá norska úrvalsdeildarliðinu Aalesund í gærmorgun og eru félögin nú í samningaviðræðum um kaupverð á leikmanninum.

Aalesund er sem stendur í tólfta sæti norsku úrvalsdeildarinnar, en það hefur spilað á meðal þeirra bestu undanfarin átta ár. Það fagnar 100 ára afmæli sínu í ár.

Víkingar ætla að fara sér rólega í samningaviðræðurnar við Aalesund því þeir vita af fjölda útsendara sem fylgjast með leikjum U21 árs liðs Íslands í undankeppni EM 2015 í vikunni, en Aron Elís er í leikmannahópi íslenska liðsins.

Þeir voru mættir – m.a. til að skoða Aron Elís – á leikinn gegn Armeníu í Árbænum í gær og verða einnig á leik strákanna gegn Frakklandi ytra, segir Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður hans, við Fréttablaðið.

Víkingurinn byrjaði á varamannabekknum í gær, en kom inn á sem varamaður á 87. mínútu og lagði upp fjórða mark leiksins fyrir Ólaf Karl Finsen þremur mínútum síðar. - tom



**EFTIRSÓTTUR** Nokkur lið eru á eftir Aroni Elís. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



**ENGIN UPPGJÖF** Breiðablik vann öruggan 5-1 sigur á Þór/KA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Stjörnukonur nálgast titilinn

**FÓTBOLTI** Línurnar eru farnar að skýrast í Pepsi-deild kvenna þegar þrjár umferðir eru eftir af mótinu. Ekkert virðist geta komið í veg fyrir að Stjörnukonur verði Íslandsmeistarar annað árið í röð og í þriðja sinn á fjórum árum í ár. Þá fór Afturelding langa leið með að fella ÍA með öruggum 3-0 sigri í gær.

Breiðablik sem situr í 2. sæti Pepsi-deildarinnar ætlar ekki að gefast upp en liðið tók á móti Þór/KA fyrr um kvöldið. Allt annað en sigur myndi nánast afhenda Stjörnukonum titilinn og svöruðu þær kallinu með glæstum 5-1 sigri.

Það var hins vegar engan bilbug að finna á Stjörnukonum í gær. Aðeins fjórum dögum eftir að hafa sigrað Selfoss í bikarúrslitum mættust sömu lið á Samsung vellinum í gær. Staðan var jöfn í hálfleik en Stjarnan náði að taka stigin þrjú eftir að hafa sett tvö mörk í seinni hálfleik.

ÍA á enn tölfræðilega möguleika á að halda sæti sínu í efstu deild en liðið tapaði enn einum leiknum í gær í fallslag gegn Aftureldingu upp á Skaga. - kpt

## PEPSI-DEILD KVENNA 2014

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 15 | 13 | 1 | 1 | 51-9 | 40 |
| Breiðablik | 15 | 11 | 1 | 3 | 45-12 | 34 |
| Fylkir | 15 | 9 | 2 | 4 | 18-13 | 29 |
| Þór/KA | 15 | 8 | 3 | 4 | 19-21 | 27 |
| Selfoss | 15 | 7 | 2 | 6 | 30-24 | 23 |
| Valur | 15 | 6 | 4 | 5 | 25-21 | 22 |
| ÍBV | 15 | 7 | 0 | 8 | 35-25 | 21 |
| FH | 15 | 3 | 1 | 11 | 12-41 | 10 |
| Afturelding | 15 | 2 | 3 | 10 | 13-53 | 9 |
| ÍA | 15 | 0 | 1 | 14 | 8-37 | 1 |

**ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

**ÍA 0 - 3 Afturelding**
0-1 Valdís Björg Friðriksdóttir (8.), 0-2 Helen Lynskey (61.), 0-3 Stefanía Valdimarsdóttir (70.).

**Stjarnan 3 - 1 Selfoss**
1-0 Marta Carissimi (13.), 1-1 Kristrún Rut Antonsdóttir (29.), 2-1 Anna Björg Kristjánsdóttir (59.), 3-1 Írunn Þorbjörg Aradóttir (87.)

**Breiðablik 5 - 1 Þór/KA**
1-0 Fanndís Friðriksdóttir (10.), 2-0 Rakel Hönnudóttir (24.), 3-0 Silvía Rán Sigurðardóttir(sjálfsmark) (43.), 4-0 Ingibjörg Sigurðardóttir (80.), 5-0 Rakel Hönnudóttir (84.), 5-1 Anna Rakel Pétursdóttir (85.).

**FH 1 - 4 ÍBV**
0-1 Þórhildur Ólafsdóttir (18.), 0-2 Shaneka Jodian Gordon (44.), 0-3 Vesna Elísa Smiljkovic (60.), 1-3 María Selma Haseta (75.), 1-4 Natasha Anasi (89.).

**NÆSTU LEIKIR**
**Sunnudagur 07. sept**: 14.00 ÍBV - ÍA.
**Mánudagur 08 sept:** 18.00 Þór/KA - Stjarnan, Afturelding - Breiðablik, Selfoss - Fylkir, Valur - FH.

# Ég er ekki búinn að loka neinum dyrum á þær

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, er byrjaður undirbúa undankeppni EM 2017. Þrjár þaulreyndar landsliðskonur voru ekki valdar í íslenska hópinn sem mætir Ísrael og Serbíu.

**FÓTBOLTI** Ísland mætir Ísrael og Serbíu í tveimur síðustu leikjum sínum í undankeppni HM 2015 í Kanada. Leikirnir fara fram 13. og 17. september og verða báðir á Laugardalsvelli. Eftir tapið fyrir Danmörku 21. ágúst á Ísland ekki lengur möguleika á að komast í umspil um sæti á HM, en þrátt fyrir það segir landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson að leikirnir gegn Ísrael og Serbíu séu mikilvægir:

„Markmiðið er fyrst og fremst að vinna þessa tvo leiki, fá góða frammistöðu og halda áfram að bæta leik liðsins. Á sama tíma viljum við skoða leikmenn sem hafa spilað minna á árinu, og aðra sem hafa jafnvel ekki spilað neitt,“ sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segist vera farinn að huga að næstu undankeppni – fyrir EM 2017, en í desember verður tilkynnt hvar mótið verður haldið:

„Við viljum klára undankeppni HM með sæmd og byrja að undirbúa okkur fyrir EM 2017,“ bætti landsliðsþjálfarinn við, en hann setur stefnuna á að komast beint á EM, en þátttökuþjóðum hefur verið fjölgað úr tólf í sextán. Ísland hefur komist í tvær síðustu lokakeppnir EM; 2009 í Finnlandi og 2013 í Svíþjóð.

### Eiga afturkvæmt í landsliðið

Hópurinn sem Freyr valdi ber þess merki að hann sé farinn að huga að næstu undankeppni. Tveir nýliðar eru í hópnum: markvörðurinn Sonný Lára Þráinsdóttir úr Breiðabliki og Sigrún Ella Einarsdóttir úr Stjörnunni, en tíu af sextán leikmönnum í hópnum hafa leikið færri en 20 landsleiki.

Reyndir leikmenn á borð við Hólmfríði Magnúsdóttur, Ólínu G. Viðarsdóttur og Katrínu Ómarsdóttur hlutu ekki náð fyrir augum landsliðsþjálfarans að þessu sinni. Aðspurður af hverju þær voru skildar eftir sagði Freyr: „Þessir leikmenn eru búnir að spila fjöldann allan af landsleikjum. Ég veit hvað þær hafa fram að færa og ég veit hvenær ég get nýtt þeirra styrkleika og hverjir veikleikar þeirra eru.“

Landsliðsþjálfarinn bætti við að landsliðsferli þessara leikmanna væri ekki lokið: „Allir þessir leikmenn hafa þjónað landsliðinu gríðarlega vel og það er í þeirra höndum hvort þær halda því áfram eða ekki. Ég er ekki búinn að loka neinum dyrum á þær og þær geta komist aftur í landsliðið. En ég hafði ekki not fyrir að skoða þær í þessum leikjum. Ég þarf að skoða yngri leikmenn sem og leikmenn sem hafa spilað minna.“

### Leikmenn með mikið sjálfstraust

Meðal yngri leikmanna sem Freyr valdi í hópinn er áðurnefnd Sigrún Ella Einarsdóttir. Freyr segir að hún geti nýst landsliðinu vel á næstu árum: „Hún hefur heillað mig í sumar og spilað mjög vel. Hún er klókur og agaður leikmaður sem spilar varnarleikinn vel. Hún hefur mikinn hraða og er svona vængmaður af gamla skólanum, sem getur sótt einn á einn og er með góðar fyrirgjafir. Og ég tel hana geta þroskast í þá átt að verða leikmaður fyrir A-landsliðið.“

Alls eru sjö leikmenn frá nýkrýndum bikarmeisturum Stjörnunnar í landsliðshópnum. Freyr segir það hafa ýmsa kosti í för með sér: „Það er allavega ekki neikvætt. Þessir leikmenn eru vel þjálfaðir og með mikið sjálfstraust, enda hefur gengi Stjörnunnar verið gott.“

### Veit að þær geta skorað mörk

Þrír leikmenn eru skráðir sem framherjar í landsliðshópnum: Fanndís Friðriksdóttir, Guðmunda Brynja Óladóttir og Harpa Þorsteinsdóttir, en sú síðastnefnda hefur farið hamförum með Stjörnunni í sumar og skorað 27 mörk í 17 deildar- og bikarleikjum. Harpa hefur þó aðeins skorað sex mörk í 44 landsleikjum, en hún, Fanndís og Guðmunda hafa samtals skorað 11 landsliðsmörk.

Freyr segist ekki hafa áhyggjur af markaskorun íslenska liðsins, en viðurkennir þó að það væri gott að hafa markaskorara á borð við Margréti Láru Viðarsdóttur, sem er enn í fríi frá fótbolta eftir barnsburð: „Tölurnar hennar Hörpu með landsliðinu líta ekkert sérstaklega vel út við fyrstu sýn, en ef þú skoðar hversu mikið hún hefur spilað í hverjum leik, þá er það ekkert sérstaklega mikið.

Hún er fæddur markaskorari og ég hef ekki áhyggjur af henni. Að sjálfsögðu vildi ég hafa leikmann með tölfræðina hennar Margrétar Láru, en það er ekki í boði. Þetta eru þeir framherjar sem standa fremst hjá okkur í dag, ég hef trú á þeim og veit að þær geta skorað mörk,“ sagði Freyr að lokum. ingvithor365.is



**ENDURNÝJUN** Freyr er farinn að huga að undankeppninni fyrir Evrópumótið 2017 eftir tap Íslands gegn Danmörku á Laugardalsvelli á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Enn er von eftir öruggan sigur gegn Armeníu

Íslenska U21 árs landsliðið vann öruggan 4-0 sigur á Armeníu í gærkvöld. Sæti á EM 2015 er enn möguleiki.

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu skipað leikmönnum undir 21 árs vann öruggan 4-0 sigur á Armeníu á Fylkisvelli í gær en með sigrinum eygir liðið enn möguleika á sæti á Evrópumótinu 2015. Líklegast þarf liðið að næla í stig gegn ógnarsterku liði Frakklands ytra á mánudaginn næstkomandi.

Hólmbert Aron Friðjónsson sem gekk á dögunum til liðs við Brøndby skoraði fyrstu tvö mörk leiksins sitt hvorum megin við hálfleikinn áður en Emil Atlason og Ólafur Karl Finsen gerðu út um leikinn undir lok leiksins.

### Töluverður hæðarmunur

„Þetta var erfiður leikur allt fram að því þegar við náum að setja þriðja markið,“ sagði Sverrir Ingi Ingason, fyrirliði íslenska liðsins, eftir leikinn. „Við vorum þéttir og reyndum að pressa á þá. Við vissum fyrir leikinn að við þyrftum helst að ná fyrsta markinu því annars yrði þetta erfitt. Við vissum líka að við værum með hærri leikmenn og því yrðu föst leikatriði mjög mikilvæg í leiknum,“ sagði Sverrir sem var brattur fyrir lokaleik riðilsins. „Þetta er flókin staða en við förum út og reynum að ná því sem við þurfum, ef það verður eitt stig þá stefnum við á það. Við fáum eflaust að vita hvað við þurfum að gera á næstu dögum og við verðum bara að stefna að því fyrir leikinn.“ - kpt



**ÖFLUGUR** Hólmbert skoraði fyrstu tvö mörk Íslands í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




FÉLAGARNIR Sigurður Örn Eiríksson og Björn Óskar Aðalsteinsson söfnuðu 13.200 kr. með hlutaveltu, sem þeir efndu til, til ágóða fyrir Afríkusöfnun Rauða krossins.

göngum til góðs

Landssöfnun
6. september

# GAKKTU MEÐ OKKUR 6. SEPTEMBER

Öll njótum við þess að láta gott af okkur leiða. Þann 6. september gefst kjörið tækifæri. Við gerumst sjálfboðaliðar Rauða krossins part úr degi, göngum í hús og söfnum fé til hjálparstarfs innanlands.

Skaðaminnkun + Konukot + Athvörf + Neyðaraðstoð + Skyndihjálp
Fjölskyldumiðstöð + Fatasöfnun + Hjálparsíminn + Hælisleitendur
Sjúkrabílar + Heimsóknarvinir + Þjónusta við innflytjendur

**Skráning og nánari upplýsingar á raudikrossinn.is.**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-1297

Söfnunarsími Rauða krossins

| 904 1500 | 904 2500 | 904 5500 |
|---|---|---|
| (1.500 kr. framlag) | (2.500 kr. framlag) | 5.500 kr. framlag) |

Íslandsspil

Rauði krossinn
Af mannúð í 90 ár

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.10
**Sósa og salat**



Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtilegum þáttum þar sem hann heimsækir veitingastaði og kynnir sér hvernig bestu réttirnir eru matreiddir. Girnilegur og gómsætur þáttur í anda Diners, Drive-ins and Dives sem notið hefur mikilla vinsælda á Food Network.



**Nautnir norðursins**
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Gísli Örn Garðarsson leikari ferðast um Grænland, Færeyjar, Ísland og Noreg og hittir kokka sem leiða hann í nýjan sannleik um hefðbundna matreiðslu og nýstárlega nálgun að þeim ótrúlega hafsjó af hráefni sem finna má við Norður-Atlantshafið.



**Two and a Half Men**
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.15** Charlie vaknar við hliðina á Rose morguninn eftir afmælisveisluna hennar. Ævareiður faðir hennar spyr hann út í framtíð þeirra saman og það hitnar heldur betur í kolunum þegar Evelyn lætur sjá sig.



**X-Factor UK**
**STÖÐ 3 KL. 19.50** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til þess að láta ljós sitt skína og slá í gegn.

### Fm 957 kl. 10.00
**Rikki G**



Rikki G eða Ríkarð Óskar Guðnason er reynslubolti á FM957. Skemmtileg tónlist í morgunsárið og fram yfir hádegi.




## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In the Middle**
**08.30** **Jamie Oliver's Food Revolution**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **60 mínútur**
**11.05** **Nashville**
**11.50** **Harry's Law**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The American President**
**14.50** **The O.C**
**15.35** **Ozzy and Drix**
**16.00** **The New Normal**
**16.25** **The Michael J. Fox Show**
**16.50** **The Big Bang Theory**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan.**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Fóstbræður**
**19.50** **Undateable** *(5:13)*
**20.10** **Sósa og salat** Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtilegum þáttum þar sem hann heimsækir veitingastaði og kynnir sér hvernig bestu réttirnir eru matreiddir. Girnilegur og gómsætur þáttur í anda Diners, Drive-ins and Dives sem notið hefur mikilla vinsælda á Food Network.
**20.30** **Masterchef USA** *(6:19)*
**21.15** **NCIS** *(4:24)* Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við eru orðin bæði flóknari og hættulegri.
**22.00** **Major Crimes** *(8:10)* Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
**22.45** **True Stories**
**23.35** **Rizzoli and Isles**
**00.20** **Tyrant**
**01.05** **NCIS. Los Angeles**
**01.50** **The Resident**
**03.25** **The American President**
**05.15** **The Big Bang Theory**
**05.35** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Lubbecke - Flensburg**
**14.10** **Stjarnan - Selfoss**
**15.55** **Moto GP - Bretland**
**16.55** **Demantamótin**
**19.00** **Þýsku mörkin**
**19.30** **Spænsku mörkin**
**20.00** **Lubbecke - Flensburg**
**21.20** **Villarreal - Barcelona**
**22.55** **Tottenham - Limassol**
**00.40** **UFC Now 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.55** **Newcastle - Crystal Palace**
**14.45** **Messan**
**16.10** **QPR - Sunderland**
**17.55** **Premier League Review**
**18.50** **Man. City - Stoke**
**20.30** **Premier League World**
**21.00** **Everton - Chelsea**
**22.45** **Leicester - Arsenal**
**00.30** **PL Classic Matches:** Crystal Palace - Blackburn Rovers, 1992

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.55** **Top 20 Funniest**
**18.40** **Community**
**19.00** **Last Man Standing**
**19.25** **Guys With Kids**
**19.50** **X-Factor UK** *(1:30)* Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn.
**20.55** **Wilfred** *(10:13)*
**21.15** **Originals** *(4:22)*
**22.00** **Supernatural** *(9:22)*
**22.45** **The Listener**
**23.25** **Grimm**
**00.05** **Sons of Anarchy**
**00.50** **Last Man Standing**
**01.15** **Guys With Kids**
**01.40** **X-factor UK**
**02.40** **Wilfred**
**03.00** **Originals**
**03.45** **Supernatural**
**04.25** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Lukku láki **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Skógardýrið Húgó **10.44** Gulla og grænjaxlarnir **10.56** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Lukku láki **11.25** Latibær **11.49** Hvellur keppnisbíll **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskasar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson**13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Skógardýrið Húgó **14.44** Gulla og grænjaxlarnir **14.56** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Lukku láki **15.25** Latibær **15.49** Hvellur keppnisbíll **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Skógardýrið Húgó **18.44** Gulla og grænjaxlarnir **18.56** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Ljóti andarunginn og ég **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.10** **Strákarnir**
**18.35** **Frasier**
**19.05** **Friends**
**19.25** **Seinfeld**
**19.50** **Modern Family**
**20.15** **Two and a Half Men** *(7:24)*
**20.35** **Go On** *(2:22)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryan King, íþróttafréttamanns, sem missir konuna sína. Hann sækir hópmeðferð fyrir fólk sem hefur orðið fyrir ástvinamissi en þar koma saman afar ólíkir einstaklingar og útkoman verður afar skrautleg.
**21.00** **Homeland** *(10:13)*
**21.45** **E.R.** *(6:22)*
**22.30** **Boss**
**23.25** **Boardwalk Empire**
**00.25** **A Touch of Frost**
**02.10** **Go On**
**02.30** **Homeland**
**03.15** **E.R.**
**04.00** **Boss**
**04.55** **Boardwalk Empire**
**05.50** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.50** **The Decoy Bride**
**14.20** **So Undercover**
**15.55** **I Don't Know How She Does It**
**17.25** **The Decoy Bride**
**18.55** **So Undercover**
**20.30** **I Don't Know How She Does It**
**22.00** **Lincoln**
**00.30** **Anonymous**
**02.35** **Safe House**
**04.30** **Lincoln**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Úmísúmí**
**17.45** **Poppý kisuló**
**17.56** **Kafteinn Karl**
**18.08** **Sveppir**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Dýraspítalinn**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Nautnir norðursins** *(1:8) (Grænland - fyrri hluti)* Gísli Örn Garðarsson leikari ferðast um Grænland, Færeyjar, Ísland og Noreg og hittir kokka sem leiða hann í nýjan sannleik um hefðbundna matreiðslu og nýstárlega nálgun á þeim ótrúlega hafsjó af hráefni sem finna má við Norður-Atlantshafið. Framleitt af Sagafilm en leikstjóri er Hrafnhildur Gunnarsdóttir.
**20.40** **Háskaleikur** *(5:6) (The Wrong Mans)*
**21.10** **Glæpaslóð** *(1:3) (Life of Crime)* Breskur spennuþáttur um nýútskrifaða lögreglukonu sem er staðráðin í að finna morðingja 15 ára stúlku. Aðalhlutverk: Hayley Atwell, Richard Coyle og Julian Lewis Jones. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Lögregluvaktin**
**23.05** **Paradís**
**00.00** **Barnaby ræður gátuna – Blóðbrúðkaup**
**01.35** **Kastljós**
**02.00** **Fréttir**
**02.10** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(21:25)*
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **Pepsi MAX tónlist**
**16.25** **The Bachelorette**
**17.55** **Dr. Phil**
**18.35** **Survior**
**19.20** **America's Next Top Model** *(12:16)*
**20.05** **Parks & Recreation** *(12:22)*
**20.30** **The Moaning of Life** *(4:5)* Það virtist ekki vera nóg fyrir Karl Pilkington að vera sendur um allan heim í Ricky Gervais þáttunum An Idiot Abroad sem sýndir voru á Skjáeinum í fyrra, heldur endurtekur hann nú leikinn í sinni eigin þáttaröð.
**21.15** **Extant – NÝTT** *(1:13)* Glænýir spennuþættir úr smiðju Stevens Spielberg. Geimfarinn Molly Watts, sem leikinn er af Halle Berry, snýr aftur heim, eftir að hafa eytt heilu ári í geimnum ein síns liðs. Fyrst um sinn reynir Molly að lifa eðlilegu lífi með fjölskyldu sinni en kemst þó fljótlega að því að hún kom barnshafandi heim úr geimnum, þrátt fyrir einveruna.
**22.00** **Scandal**
**22.45** **The Tonight Show**
**23.30** **Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.20** **King & Maxwell**
**01.05** **Beauty and the Beast**
**01.50** **Scandal**
**02.35** **The Tonight Show**
**03.20** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.15** PGA Tour 2014 **14.45** Golfing World 2014 **15.35** Champions Tour 2014 - Hig **16.30** PGA Tour 2014 - Highlight **17.25** Countdown To The Ryder Cup **17.50** Web.com Tour Highligts **18.45** Golfing World 2014 **19.35** Inside The PGA Tour 2014 **20.00** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LG SJÓNVÖRP
# RÝMINGARSALA
## 4.-6. SEPTEMBER

**RÝMUM FYRIR NÝJUM MÓDELUM OG LOSUM ÚT SÍÐUSTU EINTÖK AF ELDRI MÓDELUM Á ÓTRÚLEGUM VERÐUM**




RÝMINGIN STENDUR YFIR 4.-6. SEPTEMBER
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

**Sjónvarpsmiðstöðin**

LG
Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

## BÍÓMYNDIN



**„Ég á nokkrar uppáhalds og það fer alveg eftir skapi. Ef ég er í spennumyndagír er það Apocalypto og Taken. Ef ég er í rómantísku stuði er það The Notebook og Pretty woman. Ef ég er í ævintýraleit er það Avatar.“**

Tinna Alavis, blaðakona

# Verður samkynhneigður í einn dag

Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen ætlar að vera samkynhneigður í einn dag og notar stóran hóp samkynhneigðra manna til þess að taka upp tónlistarmyndband.

„Mig langar að prófa að vera samkynhneigður í einn dag og þótti alveg kjörið að nýta mér komu bjarnanna,“ segir tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen, sem tekur upp tónlistarmyndband um helgina. Verður það tekið upp í miðbæ Reykjavíkur og nýtur Davíð aðstoðar um 150 samkynhneigðra manna. „Mér skilst að þetta sé kallað Bears on Ice-hátíð, þegar fjöldi samkynhneigðra manna kemur hingað til lands til þess að eiga góðar stundir. Ég hlakka mikið til að eiga góðar stundir með þeim.“

Lagið samdi hann um samkynhneigðan vin sinn og á væntanlegt myndband vel við lag og texta. „Lagið er mjög kynþokkafullt og ég tek alltaf af mér beltið og nota það sem svipu þegar ég flyt það á tónleikum,“ bætir Davíð við léttur í lundu.

En hvað segir konan þín við því að þú ætlir að vera samkynhneigður í einn dag? „Konan mín styður mig og leyfir mér að gera allt fyrir listina. Ég er samt ekkert svo hræddur um að snúast alveg en þetta á eftir að verða mjög skemmtilegt.“

Davíð hefur í nógu að snúast á næstunni og er á leið í mánaðarlangt tónleikaferðalag um Evrópu ásamt FM Belfast. „Maður verður bara eins og sjómaður og hverfur í mánuð. Við erum einnig að fara spila á Reeperbahn-hátíðinni í Þýskalandi.“ **- glp**



**KYNPOKKI** Davíð Berndsen ætlar að taka upp kynþokkafullt myndband. MYND/MAGNÚS ELVAR




VILTU VERÐA
STÍLISTI?
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum. Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá kl. 18-22.

| Stundaskrá | 1. önn | 2. önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|---|
| | Fatastíll | Litgreining | Innkaupastjóri |
| | Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Útlitsráðgjafi |
| | Textill | Litasamsetning | Stílisti |
| | | | Verslunarstjóri |

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is

SAMSTARF VIÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS



The Academy of Colour and Style og Kvikmyndaskóli Íslands hafa hafið samstarf sín á milli, sem felst í því að nemendur í innanhússtílistanámi og útlits- og förðunarnámi koma að verkefnum nemenda í Kvikmyndaskólanum. Nemendur í útlits- og förðunarnáminu vinna að búningagerð og förðun fyrir verkefni í skólanum en nemendur í innanhússtílistanáminu aðstoða við þróun á leikmynd og útfærslu hennar.




INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is




**INTRO BEATS OG LEXI** Segja ekki hvaða verkfræðistofu sem er geta hannað og byggt alvöru hjólabrettagarð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ekki bara sport fyrir vandræðaunglinga

Ársæll Þór Ingvason og Alexander Kárason berjast fyrir því að fá hjólabrettagarð í Gufunesbæ. Þeir segja Íslendinga vera tíu árum á eftir nágrannaþjóðum.

„Brettið tók mig út úr mínu hverfi þangað sem eitthvað áhugavert var að gerast, ég hefði til dæmis aldrei farið út í tónlistina ef ég hefði ekki kynnst fólkinu í kringum hjólabrettamenninguna. Ég fann mig aldrei í hópíþróttum. Svo prófaði ég að fara á hjólabretti og fann að ég fékk þessa útrás sem ég þurfti,“ segir Ársæll Þór Ingvason, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Intro Beats, sem berst fyrir því að borgin smíði alvöru „park“ í fyrirhuguðu frístundasvæði í Gufunesbæ undir hjólabrettaiðkun, BMX, hlaupahjól og línuskauta. Alexander Kárason, stofnandi Jaðaríþróttafélagsins, hefur unnið að því með Ársæli að fá erlenda fagmenn til þess að teikna upp hjólabrettaaðstöðu á reit í Gufunesi.

„Það er svo mikilvægt að svona fari ekki í gegnum hvaða verkfræðistofu sem er. Skeitarar þurfa að hafa eitthvað um málið að segja því þeir vita hvernig aðstaðan á að vera svo hún sé sem best. Annað er peningaeyðsla,“ bætir Alexander við, betur þekktur sem Lexi.

„Borgin nálgaðist okkur í fyrstu til þess að vinna þessa grunnvinnu sem við höfum nú skilað og fengið teikningar af fullmótuðu svæði, svona teikningar kosta milljónir. Nú viljum við bara sjá þetta verða að veruleika,“ segir Intro Beats.

Lexi segir Íslendinga vera um 10 til 15 árum á eftir nágrannalöndunum þegar kemur að hjólabrettamenningu.

„Þú sérð það að þetta hefur verið gert alls staðar, til dæmis í Nörrebro í Kaupmannahöfn og á Grænlandi bjuggu þeir nýlega til aðstöðu sem er algjörlega til fyrirmyndar og kemur notendum og iðkendum á næsta stig. Eins og þróun á að vera. Í dag er það þannig að Íslendingar fara út að keppa því það eru engin svæði til að æfa sig hér heima. Við eigum helling af fólki með mikla hæfileika en við erum að hamla því með því að bjóða upp á takmörkuð svæði og skyndilausnir.“

Þeir félagarnir segja báðir að hjólabrettaiðkun sé uppbyggileg.

„Þetta er ekki bara eitthvað sport fyrir vandræðaunglinga. Þetta er félagslegt, þetta er góð hreyfing og gott fyrir þá sem hafa áhuga á. En við viljum þá líka hafa þetta almennilegt þannig að foreldrar geti vitað af börnunum sínum öruggum á vel lýstu og vel hönnuðu svæði,“ segir Intro Beats og Lexi tekur í sama streng.

„Það þarf að fara að veita jaðaríþróttum almennt miklu meiri athygli. Við erum nýbúnir að stofna þessa deild í félaginu sem er Hjólabrettadeild Reykjavíkur en við viljum auka veg allra jaðaríþrótta. Við þurfum að athuga að einn af okkar hæst launuðu atvinnumönnum er Halldór Helgason snjóbrettakappi. Hann stundar og æfir svona íþrótt, sem við köllum íþrótt þó að ÍSÍ sé ekki sammála. Við viljum bara að það sé til alvöru aðstaða til að stunda þessar íþróttir eins og aðrar.“

**olof@frettabladid.is**

### → Yrði fyrsti garður sinnar tegundar




Alexander Kárason og Ársæll Þór segja garðinn verða þann fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Þeir segja jafnframt að sambærilega garða megi finna um allan heim. Alexander segir Íslendinga vera tíu til fimmtán ár á eftir öðrum löndum þegar kemur að því að hlúa að hjólabrettamenningu. Þeir félagar vilja að foreldrar geti vitað af börnunum sínum öruggum á vel lýstu og vel hönnuðu svæði, en hér má sjá teikningarnar sem þeir Alexander og Ársæll létu gera af reitnum í Gufunesbæ. Þeir segja Íslendinga eiga hæfileikafólk í jaðaríþróttum en verið sé að hamla því með því að bjóða upp á takmörkuð svæði og skyndilausnir. Þeir biðla til borgarinnar að bregðast við og láta til sín taka í málaflokknum.



the PIER
TILBOÐ VIKUNNAR
Valin glös 500,-
BigStay sófi 199.900,- 20% afsláttur
Nú 159.920,-
STÓLUM OKKUR UPP!
Borð (silfur), breidd 115cm 59.900,- Einnig til hvítt.
Stóll 29.900,-
Stóll 49.900,-
20% afsláttur
Nú 39.920,-
ANTON&BERGUR
AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR • 20%
20%
Borð, breidd 83cm 39.900,-
Spegill 29.900,- Einnig til hvítur.
Stóll 29.900,-
Stóll 29.900,-
Standspegill 29.900,-
Stóll 59.900,-
Stóll 59.900,-
Stóll 59.900,-
Búdda stytta 14.990,-
Búdda stytta 6.990,-
A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME
Stóll 59.900,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



TAKTU SVIGIÐ TIL SALZBURG FRÁ 14.990 KR.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Öskrandi Yrsa

Það vakti töluverða athygli í vikunni þegar örvæntingarfull öskur heyrðust innan úr portinu á bak við Jómfrúna í miðborg Reykjavíkur, sem er raunar þekktara fyrir djasstóna. Nokkrir ferðamenn könnuðu á hverju stæði og kom þá í ljós að þar stóð **Yrsa Sigurðardóttir**, glæpasagnadrottningin sjálf, og öskraði úr sér lungun. Engin hætta var á ferð, en þar var Ottó Tynes, markaðsstjóri Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar, RIFF, að taka upp auglýsingu fyrir hátíðina. „Þetta var reyndar nokkuð spaugilegt. Ferðamennirnir brostu bara þegar þeir sáu okkur, en þeir héldu örugglega að við værum að ræna hana eða eitthvað áður en þeir komu í portið,“ segir Ottó um auglýsinguna sem verður sýnd á næstu dögum í sjónvarpi. Fjölmargir þekktir einstaklingar öskruðu fyrir RIFF, þar má nefna Ara Eldjárn, Þorstein Bachmann, Nönnu Kristínu Magnúsdóttur og Veru Sölvadóttur. - lkg



### Hljóp hálfmaraþon þrefaldur

„Þessir þrír hlupu saman hálfmaraþon í dag,“ segir **Jóhannes Haukur Jóhannesson** leikari á Facebook-síðu sinni. Þar er hann að tala um sjálfan sig í öllum þremur tilfellum. Hann í dag, hann fyrir nokkrum árum þegar hann var þó nokkrum kílóum þyngri og hann eftir að hann komst í þrusuform fyrir hlutverk sitt í myndinni Svartur á leik.

„Þeir spjölluðu alla leiðina, rifust, grétu og reyndu að gera málamiðlanir en sættust að lokum,“ skrifar Jóhannes. Hann segist hafa ætlað að hlaupa einn en hinir tveir hafi komið með. Gamli hann reyni alltaf að halda honum niðri og því tók hann vöðvafjallið með. „Hann hefur nefnilega náð árangri sem ég hélt að ég myndi aldrei nokkurn tímann ná. Hann barði mig áfram síðustu kílómetrana.“ - ebg



## Mest lesið VÍSIR

1. Leið yfir Alfreð í beinni útsendingu | Myndband
2. Baráttan gegn ebólu að tapast
3. Brotlending herflugvélar í íbúðarhverfi náðist á myndband
4. Orkuveitan vill losna við Þingvallabústaði
5. Sveitarfélagið Ölfus neitar að afhenda útboðsgögn





